

VIGNIR FREYR ANDERSEN

Sparibuxur og hvítar skyrtur í stöflum

• tíska • heimili • heilsa
allt í MIÐJU BLADSINS



BÍLAR

Hestöflin sýnd á Bíla-dögum á Akureyri

Sérblað um bíla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



ENGIR VEXTIR! EKKERT VESENI!

BT

BT bæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júní 2008 – 158. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Líf og fjör í Reykjavíkurborg

Skapandi sumarhópar hefja leikinn enn á ný.

TÍMAMÓT 28



Orðum fylgir ábyrgð

Þrátt fyrir rúma skilgreiningu mansals í íslenski refsilöggjöf hefur eigandi Goldfinger ekki verið kærður fyrir slíkt brot, skrifar Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

UMRÆÐAN 26

Samningar klárir

Gísli Örn Garðarsson hefur gengið frá samningum um hlutverk Hassansins í stórmyndinni Prince of Persia.

FÓLK 58

Sætur sigur Valsstúlkna

Valur vann uppgjör toppliðanna í Landsbankadeild kvenna í gær með sigri á KR í hörkuleik.

ÍPRÓTTIR 48



VEÐRIÐ Í DAG



SUMARBLÍÐA Í dag verður hæg norðvestlæg eða breytileg átt. Létt-skýjað eða hálfskýjað víðast hvar. Hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 10-18 stig, hlýjast í uppsveitum syðra.

VEÐUR 4

Bensínverð að sliga lögregluembættið

Hækkun eldsneytisverðs setur rekstrarskilyrði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í uppnám. Ef ekkert er að gert fer embættið 25 milljónir fram úr áætlun. Lögreglan gæti þurft að draga úr starfsemi, til dæmis með því að fækka bílum.

LÖGREGLUMÁL Hækkun á eldsneytisverði hefur veruleg áhrif á fjárhagsáætlun lögregluembættisins á höfuðborgarsvæðinu sem verður annað hvort að fá um 25 milljóna króna aukafjárveitingu eða draga úr starfsemi sinni til að mæta þessum aukakostnaði.

„Sé miðað við þær forsendur sem hafðar voru til grundvallar þegar fjárhagsáætlun var gerð þá spái ég því að við munum fara um 25 milljónir fram úr áætlun ef ekkert verður að gert,“ segir Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri fjármála- og þjónustudeildar lögreglunnar.

„Við þurfum alltaf að eyða herra og herra hlutfalli af okkar fjár-

veitingu í bensín,“ segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri. „Ef þeir peningar koma ekki inn núna þá þurfum við að draga úr starfsemi. Til dæmis með því að draga úr akstri eða fækka bílum. En við reynum náttúrulega alltaf að bregðast þannig við að það hafi ekki áhrif á það meginmarkmið okkar að auka öryggi og öryggistilfinningu. En við getum það ekki allveg endalaust án þess að það hafi áhrif á þjónustuna, það er alveg ljóst.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær um þrjá milljarða á ári til rekstursins og þykir þeim sem Fréttablaðið talaði við það naumt skammtað, jafnvel þótt hækkun

eldsneytisverðs væri ekki inni í myndinni. „Við höfum gert bæði dómsmálaráðuneytinu og fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir málinu þannig að dómsmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og fjármálanefnd eru vel upplýst um þetta.“ Hann segist hins vegar ekki hafa fengið nein viðbrögð ennþá.

Spurður um hvort viðbragða væri að vænta frá dómsmálaráðuneytinu svaraði Björn Bjarnason: „Allir bílrekendur standa frammi fyrir þessari augljósu spurningu. Hjá ríkinu er henni endanlega svarað af ríkisstjórn og fjárveitingavaldi. Einstök ráðuneyti taka ekki ákvarðanir um útgjöld umfram heimildir.“ - jse



GÓÐIR SKALLAMENN Drengirnir hafa húmor fyrir hármíssinum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fótboltamenn í nýju ljósi: Sköllóttir auglýsa hárvörur

FÓLK „Ég er þeim eiginleika gæddur að mér finnst gaman að gera grín að sjálfum mér,“ segir knattspyrnumaðurinn Tryggvi Guðmundsson en hann og tíu aðrir knattspyrnumenn, og einn þjálfari, sitja fyrir í Wella-auglýsingu. Tryggvi á það sammerkt með hinum fótbolta-mönnum í auglýsingunni að vera nauðasköllóttur. Asgeir Sveinsson, framkvæmdastjóri Halldórs Jónssonar hf. sem flytur inn Wella, hrósar knattspyrnumönnum fyrir að hafa afsþyrngúðan húmor fyrir sjálfum sér. „Þeir eru þó ekki okkar uppáhaldsviðskiptavinir þegar kemur að hárvörum.“ -shs/ sjá síðu 58

Nýr millidómstóll í mótun: Málum fækkar í Hæstarétti

DÓMSMÁL Hugmyndir eru uppi um að koma á fót nýjum millidómstól í sakamálum.

Nefnd á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins mun skila af sér skýrslu á næstu dögum um dómstigið. Allir nefndarmenn hafa sagst vera fylgjandi stofnun dómstigsins.

Dómstóllinn hefur hlotið vinnuheiti á borð við Landsyfirtettur og Lögrétta.

Dómstólaráð tók saman kostnað við stofnun dómsins og talið er að hann verði um 150 milljónir króna. - vsp / sjá síðu 6



FJÖR Í VINNUSKÓLANUM Þeir félagar, Róbert, Bjarki og Vilhelm voru meðal fjölmargra sem nutu veðurbliðunnar í Reykjavík í gær. Strákarnir kláruðu niunda bekk fyrir skemmstu og eru nú meðal fjölmargra ungmenna sem starfa hjá Vinnuskólanum við að snyrta borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Talningar í vor benda til að fækkunarskeið rjúpu sé afstaðið fyrr en ætlað var: Rjúpnastofninn að hjarna við

UMHVERFISMÁL Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands nú í vor benda til þess að fækkunarskeið sem hófst 2005 til 2006 sé afstaðið. Á austanverðu landinu fjölgaði rjúpu verulega eða um 30-70 prósent, en stofninn stóð í stað vestanlands. Venjulega hafa fækk-

unarskeiðin varað í fimm til átta ár, því koma þessar niðurstöður á óvart.

Þetta eru niðurstöður talninga í vor, en mat á veiðipóli stofnsins liggur fyrir í ágúst eftir mælingar á varþarangri rjúpna, afföllum árin 2007 og 2008 og veiði 2007.

Rjúpnaveiði hefur verið takmörkuð undanfarin ár og bannað hefur verið að versla með veidda fugla. Á síðasta veiðitímabili veiddust um fimmtíu þúsund fuglar en veiðin var 166 þúsund fuglar árið 1997 þegar mest var.

- shá

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð - brauðið sem allir á heimilinu velja

MAX AUKABLAÐ 1.989 kr. Ópið til kl. 21 í Holtagörðum í kvöld!

TENGI Sundance Spas Heilsunuddpottar


Opið virka daga frá 8 - 18

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

BESTA ÞJÓNUSTAN FLOTTASTI VEFURINN!

FRÁBÆR
BÍLALANDS-
TILBOÐ!

Þú gerir bestu kaupin í Bílalandi þar sem úrvals þjónusta og gæði eru í fyrirrúmi.




TILBOÐ **IH**
490.000 KR

JEEP CHEROKEE SPORT
Ekinn 126 þús. ssk. Nýskr. 11/00
Verð áður 1.090.000 kr.



TILBOÐ **IH**
890.000 KR

RENAULT MEGANE II
Ekinn 56 þús. bsk. Nýskr. 09/04
Verð áður 1.470.000.



TILBOÐ **IH**
890.000 KR

SUBARU LEGACY
Ekinn 110 þús. ssk. Nýskr. 04/03
Verð áður 1.460.000.



TILBOÐ **IH**
4.990.000 KR

NISSAN PATHFINDER 4.0 LE IT
Ekinn 3 þús. ssk. Nýskr. 11/06
Verð áður 5.990.000.



TILBOÐ **BL**
1.080.000 KR

FORD FOCUS
Ekinn 98 þús. ssk. Nýskr. 07/03
Verð áður 1.290.000.



TILBOÐ **BL**
470.000 KR

SUZUKI GRAND VITARA
Ekinn 118 þús. bsk. Nýskr. 05/98
Verð áður 680.000 kr.



TILBOÐ **BL**
690.000 KR

OPEL ZAFIRA
Ekinn 103 þús. bsk. Nýskr. 07/01
Verð áður 950.000 kr.



TILBOÐ **IH**
1.450.000 KR

OPEL ASTRA 1.8
Ekinn 51 þús. ssk. Nýskr. 12/05
Verð áður 1.650.000 kr.



TILBOÐ **IH**
1.590.000 KR

NISSAN X-TRAIL SPORT
Ekinn 81 þús. ssk. Nýskr. 09/04
Verð áður 2.190.000.



TILBOÐ **BL**
4.200.000 KR

RANGE ROVER 2.9 TD6
Ekinn 79 þús. ssk. Nýskr. 12/02
Verð áður 5.400.000.




TILBOÐ **BL**
1.580.000 KR

OPEL ASTRA
Ekinn 61 þús. ssk. Nýskr. 05/05
Verð áður 1.950.000 kr.



TILBOÐ **BL**
950.000 KR

RENAULT MEGANE II
Ekinn 58 þús. bsk. Nýskr. 11/04
Verð áður 1.590.000 kr.



TILBOÐ **IH**
3.990.000 KR

SAAB 9-7X 5.3 V8
Ekinn 10 þús. ssk. Nýskr. 10/07
Verð áður 4.790.000 kr.



TILBOÐ **BL**
670.000 KR

RENAULT KANGOO
Ekinn 82 þús. ssk. Nýskr. 08/07
Verð áður 830.000 kr.



TILBOÐ **IH**
450.000 KR

OPEL ZAFIRA
Ekinn 110 þús. bsk. Nýskr. 05/01
Verð áður 890.000.



TILBOÐ **IH**
1.990.000 KR

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Ekinn 81 þús. ssk. Nýskr. 04/05
Verð áður 2.650.000.



TILBOÐ **IH**
1.590.000 KR

VOLVO XC70
Ekinn 195 þús. ssk. Nýskr. 11/02
Verð áður 2.390.000.



TILBOÐ **IH**
2.190.000 KR

HYUNDAI TERRACAN
Ekinn 77 þús. ssk. Nýskr. 11/04
Verð áður 3.160.000 kr.



TILBOÐ **IH**
1.690.000 KR

TOYOTA YARIS SOL VVTI
Ekinn 51 þús. bsk. Nýskr. 06/06



TILBOÐ **IH**
2.770.000 KR

ISUZU D-MAX
Ekinn 50 þús. ssk. Nýskr. 10/06



TILBOÐ **IH**
2.490.000 KR

HYUNDAI TERRACAN
Ekinn 77 þús. bsk. Nýskr. 05/05
Verð áður 3.340.000.



TILBOÐ **IH**
2.590.000 KR

TOYOTA AVENSIS
Ekinn 40 þús. bsk. Nýskr. 02/06



TILBOÐ **IH**
3.250.000 KR

SAAB 9-3 2.0 ARC
Ekinn 10 þús. ssk. Nýskr. 05/07



TILBOÐ **IH**
2.490.000 KR

NISSAN TERRANO 3.0 ELEG.
Ekinn 104 þús. ssk. Nýskr. 12/04
Verð áður 2.850.000.



TILBOÐ **IH**
2.490.000 KR

HONDA ACCORD TOURER
Ekinn 18 þús. ssk. Nýskr. 12/06
Verð áður 2.790.000.

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á [WWW.BILALAND.IS!](http://WWW.BILALAND.IS)

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, finnurðu rétta bílinn með einfaldri leit. Hverjum bíl fylgir fjöldi mynda, skýrsla úr söluskoðun og þú hefur aðgang að sömu upplýsingum og sölumenn. Þú getur líka treyst því að allir bílar á vefnum eru enn í sölu.



bilaland

BILALAND.IS 575 1230

GRJÓTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

IH = SÆVARHÖFÐI 2

BL = GRJÓTHÁLS 1

*Með fyrirvara um prentvillur.

100% FJÁRMÖGNUN

Við bjóðum 100% fjármögnun á götuhjólum og torfæruhjólum. Lán allt að 1.200.000,- til 59 mánaða og engin útborgun. Komdu í Nitró og kynntu þér möguleikana.



■  **Kawasaki**

VN900 CUSTOM 2008 **32.207 kr. á mán.**

Vatnskælt, bein innspýting, 249 kg., 50 hestöfl, 5 gírar.

Meðalafborgun miðað við 100% lán í 59 mánuði.
Staðgreiðsluverð: 1.190.000,-

■  **Kawasaki**

Z750 2008 **29.253 kr. á mán.**

Vatnskælt, bein innspýting, 203 kg., 106 hestöfl, 6 gírar.

Meðalafborgun miðað við 100% lán í 59 mánuði.
Staðgreiðsluverð: 1.080.000,-



■  **Kawasaki**

ER6N 2008 **24.956 kr. á mán.**

Vatnskælt, bein innspýting, 174 kg., 72 hestöfl, 6 gírar.

Meðalafborgun miðað við 100% lán í 59 mánuði.
Staðgreiðsluverð: 920.000,-



■  **Kawasaki**

KX125 2008 **18.511 kr. á mán.**

Vatnskælt, blöndungur, 80 kg., 41 hestafl, 6 gírar.

Meðalafborgun miðað við 100% lán í 59 mánuði.
Staðgreiðsluverð: 680.000,-





FE450 2008 **23.613 kr. á mán.**

Vatnskælt, blöndungur, 109 kg., 6 gírar.

Meðalafborgun miðað við 100% lán í 59 mánuði.
Staðgreiðsluverð: 870.000,-



KJÖRKASSINN



Telur þú Baugsmálinu lokið?

Já	47,4%
Nei	52,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi auglýsingum í barnatímum í sjónvarpi?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Söguleg umskipti í Nepal: Konungurinn kveður hásetið

NEPAL, AP Gyanendra, konungur Nepals sem var sviptur krúninni er landið var lýst lýðveldi, flutti í

gærkvöld út úr konungshöllinni til að hefja nýtt líf sem óbreyttur borgari. Hann kvaðst ekki hafa í hyggju að flytja úr landi.



GYANENDRA

Gyanendra sagðist hafa afhent ráðherrum hinar nýkjarnefnd ríkisstjórnar veldissprota sinn og kórónu úr páfuglsfjörðum, jakuxahári og gimsteinum er hann kvaddi konungshöllina í Katmandú. Eins og samið hafði verið um flutti hann í sumarhöll sína skammt frá höfuðborginni.

Stjórnvöld hafa í hyggju að breyta konungshöllinni sjálfri í safn. Ætt Gyanendra ríkti yfir Nepal í 239 ár.

- aa

Flugslysið í Súdan:

Tala látinna og tildrög óljós

SÚDAN, AP Enn er ekki vitað hversu margir létu lífið í flugslysi í Súdan á þriðjudag. Í fyrstu var talið að um eitt hundrað hefðu látist, en lögregla segir að lík 23 manna hafi verið flutt í líkhús. 214 manns voru um borð í vélinni og hefur verið staðfest að 113 þeirra hafi lifað af. Yfirvöld segja að einhverjir til viðbótar gætu hafa yfirgefið flugvöllinn strax eftir slysið og því gætu mun fleiri verið á lífi.

Verið er að rannsaka tildrög slyssins, en þau eru enn óljós.

- þeb

Forsetar Bandaríkjanna og Írans skiptast á stóyrðum hvor í annars garð:

Bush útilokar ekki hervald

ÞÝSKALAND, AP George W. Bush Bandaríkjaforsætli sagðist í gær helst kjósa friðsamlega lausn á deilunni um kjarnorkuáætlun Írana, en hann áltí „alla valkosti vera uppi á borðinu“, einnig hugsanlega hernaðaríhlutun.

Á blaðamannafundi með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, við Meseberg-höll norður af Berlín varaði Bush Íransstjórn við því að draga það á langinn að láta undan kröfum alþjóðasamfélagsins um að hætta auðgun úrans uns hann, Bush, væri farinn frá völdum.

Bush þrýstir nú á evrópska bandamenn sína að styðja



MAHMOUD AHMADINEJAD

GEORGE W. BUSH

strangari refsiaðgerðir gegn Íran.

Mahmoud Ahmadinejad Íransforsætli beindi líka skilaboðum til Bush í gær. Hann sagði forsætlið Bush liðna og að honum hefði mistekist að framfylgja markmiðum

sínum um að ráðast á Íran og stöðva kjarnorkuáætlun landsins. Í ræðu fyrir þúsundum áheyranda í Mið-Íran sagði Ahmadinejad Bush vera „illan“ og að bandaríski forsætlinn beindi nú spjóttum sínum að Íran í kjölfar þess að hafa sent her sinn inn í bæði Írak og Afganistan.

„Ég segi (Bush) ... þinn tími er liðinn“, sagði Ahmadinejad. „Fyrir náð Guðs mun þér ekki verða unnt að skaða svo mikið sem einn sentimetra af helgri foldu Írans.“

Íranski utanríkisráðgjafi Manouchehr Mottaki sagði í heimsókn í París að hótanir um hernaðaríhlutun væru markleysa.

- aa

Ógæfumaður sektaður:

Hneykslaði Sel- fysinga ítrekað

DÓMSMÁL Ógæfumaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða 90 þúsund króna sekt í ríkissjóð vegna ítrekaðra brota. Hann er meðal annars dæmdur fyrir að hafa sjó sinnum á tímabilinu frá síðastliðnum október og fram í febrúar valdið hneykslan á almannafæri vegna ölvunar. Hann var ýmist staddur í verslun Nóatúns á Selfossi eða í Snælandsvídeói.

Pá stal hann matvöru og öskudagshatti úr Nóatúni og hótaði starfsmanni lífláti. Maðurinn er langt leiddur drykkjusjúklingur og var síðast dæmdur árið 2003 fyrir fjársvik.

- sh

Landsyfirréttur tekinn upp

Nefnd sem fjallar um millidómstig í sakamálum mun birta niðurstöður sínar í vikunni. Nefndarmenn hafa talað fyrir stofnun millidómstigs. Talið að það verði raunin. Kostnaður talinn 150 milljónir á ári.

STJÓRNSÝSLA Lagt verður til á næstu dögum að stofnað verði millidómstig í sakamálum.

Allir fjórir fulltrúar nefndarinnar sem á að gefa álit sitt á stofnun millidómstigsins voru, í samtali við blaðamann, jákvæðir í garð hugmyndarinnar.

„Hæstiréttur á erfitt með að snúa sýknu-dómi yfir í sekt. Ástæðan er sú að Hæstiréttur má ekki notast við vitni,“ segir Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs og einn nefndarmanna.



SÍMON SIGVALDASON

Hann segir að eina leið Hæstaréttar til þess að meta vitnaleiðslur betur sé að ómerkja héraðsdóminn og senda málið aftur til aðalmeðferðar.

„Hugsunin á bak við hugmyndir sem hafðar hafa verið uppi um millidómstig er að tryggja það að yfirheyrsla vitna geti farið fram á tveimur dómstigum,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og einn nefndarmanna.

Um hundrað sakamálum er áfrýjað á ári til Hæstaréttar. Með tilkomu millidómstigsins yrði aðeins einstökum, þýðingarmiklum málum áfrýjað til réttar.

„Tala þeirra myndi með tilkomu millidómstigs líklega fækka í 15-20 mál á ári,“ segir Símon Sigvaldason.

„Með þessum breytingum er verið að tryggja og vanda málsmeðferðina en í því felast mikil þjóðfélagsleg gæði. Ekki er hægt að meta það til verðmæta að hafa gott réttarkerfi.“

Umræðuna um millidómstig má rekja til máls sem höfðað var gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu árið 2003.

Í því máli, sem oft er kallað „Vegasarmálið“, voru tveir menn ákærðir fyrir líkamsárás. Annar þeirra var sakfelldur fyrir árásina en hinn sýknaður í héraðsdómi.

Hæstiréttur sneri sýknu mannsins í sakfellinguna án þess að gefnar væru vitnaskýrslur fyrir dómi. Sá sem hlaut sakfellinguna í Hæstarétti fór með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu sem gagnrýndi réttarskipan Íslands harðlega.



HÆSTIRÉTTUR Líklegt er að ekki þurfi jafnmörg mál að fara alla leið til Hæstaréttar eftir tilkomu millidómstigsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í desember 2006 sendi dómstólaráð minnisblað til dómismálaráðherra þar sem lagt var til að millidómstig í sakamálum yrði tekið upp.

Dómismálaráðherra skipaði í kjölfarið nefnd

í nóvember 2007 um málið og sú nefnd er að ljúka störfum í þessari viku.

Tillögur um nafn á dómstólum hafa til dæmis verið Lögrétta og Landsyfirréttur.

vidirp@frettabladid.is

MILLIDÓMSTIG Í SAKAMÁLUM

KOSTIR:

■ Gott dómsterki verður ekki metið til fjár. Vandaðri málsmeðferð.

■ Dómstólaráð reiknaði út að litill kostnaður yrði af millidómstigi eða um 150 milljónir. Það er minna en kostar að reka Námsmatsstofnun.

■ Millidómstig hefur reynt vel á hinum Norðurlöndum sem við miðum okkar löggjöf vanalega við.

■ Fordæmisgildi Hæstaréttar mundi aukast því færri mál væru til meðferðar hjá réttinum og því meiri tími tekinn í hvert mál og dómar betur rökstuddir.

GALLAR:

■ Mun lengri tími fer í dómismál, gæti jafnvel tafist um ár. Íslenskt réttarkerfi er eitt það skilvirkasta í heiminum.

■ Gæti orðið töluvert meiri kostnaður en dómstólaráð reiknaði með og mörgum spurningum er enn ósvarað.

■ Millidómstigið mundi einungis fást við sakamál en ekki einkamál en einkamálin eru um 80 prósent þeirra mála sem koma til kasta dómstóla og því í raun um að ræða mikla peningaeyðslu fyrir lítinn hluta dómismála.

LÍTILL TÍMI

„Um 600 mál eru dæmd í Hæstarétti á hverju ári,“ segir Róbert R. Spanó, prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

„Fjöldi málanna leiðir til þess að mjög litill tími fer í þau. Það hefur þau áhrif að dómarnir eru oft illa rökstuddir.“

„Fordæmisgildir Hæstaréttar er mjög takmarkað eins og skipan réttarins er núna. Ef Hæstiréttur fengi meira svigrúm og tíma fyrir hvert mál yrði réttaröryggið meira og niðurstöður dóma fyrir sjáanlegri.“

Róbert telur mögulegt að millidómstig, hvort sem er í sakamálum eða einkamálum mundi minnka álagið á Hæstarétti og auka fyrir vikið fordæmisgildið.



RÓBERT R. SPANÓ



FJÁRFESTINGARBANKI

Framúrskarandi ávöxtun fyrir þína fjármuni

Sérþráð persónuleg áran þú

EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á mót þér

www.mp.is

Sími 540 3200



TAX FREE

DAGAR

Dagana 12.-15. júní
afnemun við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa fjóra daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. júní 2008.

OPIÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1 Hver vann níu milljónir króna í Vínalóttóinu 21. maí?

2 Hvað heitir nýjasta breiðskífa Bubba Morthens?

3 Hvað heitir svæðið þar sem Íslendingar hyggjast leita að olíu?

SJÁ SVÖR Á Síðu 58

Fleiri bókum var stolið úr bókasafni Böðvars heitins Kvarans en talið var í upphafi:

Stolnar þjóðargersemar voru ótryggðar

LÖGREGLUMÁL Bókasafn Böðvars heitins Kvarans, sem hundruðum fágættra bóka og korta hefur verið stolið úr, var ótryggt, að sögn Hjörleifs Kvarans. Hann segir vonir til að endurheimta bækurnar fara dvínandi eftir því sem tíminn líður.

Eins og Fréttablaðið hefur greitt frá var það í lok síðasta sumars sem þjófnaður á bókum úr safninu var kærður til lögreglu. Aðstandendur Böðvars lögðu kæruna fram. Rannsóknin reyndist umfangsmikil, flókin og tímafrek. Skrá var gerð yfir hina stölu muni, skýrslur teknar af fjölmörgum einstaklingum og húslait gerð. Samkvæmt

skránni hafði verið stolið 290 fágætum bókum og Íslandskortum úr safninu á síðari hluta ársins 2006 og fyrri hluta síðasta árs.

Nú hefur komið í ljós að fleiri bókum hefur verið stolið úr safninu en talið var þegar málið var kært til lögreglu. Um er að ræða ljóðabækur, leikrit, bækur um sögu lands og þjóðar og fleira. Listi yfir þær bækur sem saknað er úr þessum flokkum hefur einnig verið afhentur lögreglu. Rannsókn hennar var á lokastigi þegar hann barst.

Meðal ritanna úr safninu sem lögregla hefur leitað og leitar enn eru afar fágæt og geysiverðmæt

verk. Fagfólk í bókmenntum sem Fréttablaðið hefur rætt við vegna málsins telur fullvíst að hægt væri að selja fágætustu ritin á allt að tvær milljónir króna stykkið. Má þar nefna gripi eins og Ólafs sögu Tryggvasonar, sem prentuð var í Skálholti árið 1689, rit eftir Nicolò og Antonio Zeno sem prentað var í Feneýjum 1558 og Olaus Magnus, sem prentuð voru í Róm 1555. Ljóst er að verðmæti þýfinsins hleypur á tugum milljóna.

Að sögn Hjörleifs skiluðu nokkur kort sér eftir að lögregla hóf rannsókn málsins, en ekki þau verðmætustu.

„Það er mjög leiðinlegt að svona



BÓKASAFN Hundruðum bóka hefur verið stolið úr dánarbúi Böðvars Kvarans.

skyldi fara,“ segir Hjörleifur. „Þetta var stórt og mikið og heilllegt safn. Sumt af þessu eru þjóðargersemar sem maður hefði vilja sjá varðveitað einhvers staðar með góðum hætti.“ jss@frettabladid.is

Áfengisauðglýsingar í Mannlífi:

Reynir braut áfengislögin

DÓMSMÁL Reynir Traustason, ritstjóri DV, hefur verið dæmdur til að greiða hálf milljón króna í sekt til ríkissjóðs fyrir brot á áfengislögum. Brotin fólust í birtingu áfengisauðglýsinga í Mannlífi, sem Reynir ritstýrði þá, svo og í glæpasagnasafninu Gaddakylfunni.

REYNIR TRAUSTASON

Í Mannlífi var um auglýsingar í formi kynninga að ræða, þar sem umfjöllun um vínin var skeytt inn í auglýsingarnar. Reynir býst við að dómnum verði áfrýjað. Sérstaklega sé hann ósáttur við dóminn vegna Gaddakylfunnar, enda sé hann ekki skráður ábyrgðarmaður þess rits.

Hugarflug á þankaþingi í Fjarðabyggð

Bæjarstýra Fjarðabyggðar segir fjölda hugmynda hafa komið fram á þankaþingi í bæjarfélaginu. Þinginu var ætlað að undirbúa framtíðarsýn bæjarfélagsins. Mikilvægt að margir komi að því að velta upp möguleikum Fjarðabyggðar.

FJARÐABYGGÐ „Þetta var góður og árangursríkur dagur,“ segir Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðabyggðar um þankaþing sem bæjarfélagið hélt á þriðjudaginn ásamt Fjarðaáli og Sildarvinnslunni í Neskaupstað í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Helga segir að jöfnum fjölda heimamanna og aðkomufólks hafi verið boðið til þankaþingsins en alls tóku um sjötiú manns þátt í þinginu.

Í fundarboði segir að markmið þankaþingsins sé að undirbúa framtíðarsýn Fjarðarbyggðar sem miðstöð hátækni þar sem fólk býr við atvinnuöryggi í fjölskylduvænu, öruggu og alþjóðlegu umhverfi. Þá er annað markmið þingsins að hvetja til umfjöllunar um möguleika sem felast í atvinnuhátta- og samfélagsbreytingum í Fjarðabyggð.

„Við skynjum að hér býr geysilegt afl í samfélaginu,“ segir Helga og bætir við að í bæjarfélaginu sé öflugur nýr atvinnurekstur í bland við eldri kraftmikil fyrirtæki. Þær aðstæður bjóði upp á mörg tækifæri.

„Ástæðan fyrir þankaþinginu er að okkur finnst mikilvægt að fleiri komi að því að velta upp möguleikum, að horft sé á það frá öðru sjónarhorni hvar styrkurinn liggur og hvaða megináherslur við ættum að leggja til næstu ára.“ Því



VIÐ RANDULFFSSJÓHÚS Á ESKIFIRÐI Trygvi Þór Haraldsson, Sveinn Hannesson, Tómas Már Sigurðsson, Reginna Ástvaldsdóttir, Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðabyggðar, Kristín A. Árnadóttir, Berglind Ásgeirsdóttir og Hildur Magnúsdóttir voru meðal þátttakenda á þankaþinginu.

MYND/INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR

hafi þau beðið hóp fólks að taka þátt í því með heimamönnum að horfa fram í tímann.

„Allir voru reiðubúnir til að taka þátt í þessu verkefni með okkur. Við erum komin með ótrúlegan fjölda hugmynda sem við ætlum að vinna úr og höfum þá markvissa sýn til áratuga þegar við erum að ákveða hvernig við forgangsröðum í okkar þjónustu og verkefnum almennt.“

Þá segir Helga ekki síður mikilvægt fyrir heimamenn að fá skýr

skilaboð um að þeir verði að gæta þess að halda sérkennum staðanna. „Við verðum líka að standa vörð um þann styrk sem er í gömlu byggðunum, í gömlum húsum, byggðaformum og byggðamynstri.“

Hún segir skýrustu skilaboðin frá þankaþinginu vera að þar sem helstu styrkleikar bæjarfélagsins liggja megi alls staðar bæta í. „Ég held að öllum hafi fundist þetta óhemju skemmtilegt og fólk naut dagsins mjög vel.“ olav@frettabladid.is

Bókin um Baug væntanleg:

Biðu dóms Hæstaréttar

BAUGSMÁL Útgáfu bókar tveggja breskra rithöfundna um Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann



Baug Group, var frestað þar til dómur féll í Baugsmálinu í Hæstarétti. Þetta staðfestir Jonathan Edwards, annar höfundanna.

Hann segir að nú sé verið að leggja lokahönd á verkið varðandi dóminn, og

ÍSMÁÐUR Nafni bókarinnar hefur verið breytt.

bókin væntanleg eftir „nokkrar vikur eða mánuði“.

Upphaflega átti bókin að koma úr 31. október 2007. Þá átti hún að heita „Kynlíf, lygar og stórmarkaðir“. Nafni hennar hefur verið breytt, og mun hún heita „Ísmáðurinn kemur“.

Meintur stríðsglæpamaður:

Eftirlýstur Serbi handtekinn

SERBÍA, AP Einn þeirra fjögurra manna, sem stríðsglæpadómstóllinn í Haag hefur lagt mesta áherslu á að verði framseldir frá Serbíu, var handtekinn í gær.

Stojan Zupljanin er Bosníu-Serbi og var lögreglustjóri í stríðinu árin 1992 til 1995. Hann stjórnaði fangabúðum Serba í norðanverðri Bosníu. Árið 1999 var hann ákærður fyrir þjóðarmorð en þeim kærur var síðar breytt í stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.

Mótmæli á Spáni og Portúgal:

Lögregla leysti upp mótmælin

SPÁNN, AP Lögregla á Spáni fjarlægði mótmælendur á landamærunum við Frakkland í gær, á þriðja degi mótmæla vörubílstjóra þar í landi gegn hækkunum á eldsneytisverði.

Fjórir vörubílar eyðilögðust í eldi í gærmorgun. Bílstjóri sem svaf í einum bílanna brenndist alvarlega. Þá hafa tveir mótmælendur látið lífið í aðgerðunum.

Spænska ríkisstjórnin hefur samþykkt að lækka skatta og beita öðrum aðgerðum fyrir bílstjóra, en mótmælendur telja aðgerðirnar ekki nægar.



Klæðir alla!

DIDRIKSONS 1913
Grundslund SWEDEN



Tigris dömu-/herrasett 5.990

Margir litir. St. 38-46/S-XXL

Tigris barnasett 4.990

Margir litir. St. 110-170

Norba dömu-/herrasett 10.990

5000 mm vatnsheldni, öndun og límdir saumar. Margir litir. St. 38-46/S-XXL.

BMW 5 línan

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

BMW 520d

4 dyra - 2,0l. - 177 hestöfl - 5,6 ltr./100km
8,4 sek./0-100km - 149 CO2 g/km

Frá kr. **5.880.000**

BMW 5-línan

Fullkomin upplifun



BMW 5 línan er hinn fullkomni bíll, hvort sem er í einkalífinu eða á framabrautinni. Traustur, öruggur og áreiðanlegur eru lýsingarorð sem hæfa honum vel. Orðspor BMW fyrir frábæra auksturseiginleika er tilkomið vegna stöðugar þróunar nýs tækniþúnaðar, og gerir hann um leið að einum öruggasta bíl á vegum úti. BMW xDrive er með meiri viðbragðshraða en nokkuð annað fjórhjóladrifskerfi í heiminum. Hann er líka hagkvæmur. BMW 5-línan sigraði nýlega Toyota Prius í sparakstri blaðamanna Sunday Telegraph, en lykilinn að sigrinum var Efficient Dynamics tæknin, sem dregur verulega úr eyðslu og útblæstri. BMW 5-línan er því skynsamlegt val við núverandi aðstæður. Til að upplifa þessa frábæru blöndu af sportlegum akstri, klassískri hönnun og hátæknivæddum öryggisþúnaði, þá er eina svarið að panta einn reynsluakstur strax í dag. Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. **BMW 5-línan. Fullkomin upplifun.**

BMW 520d Executive kr. 6.990.000 - Sjálfskiptur, leðurinnrétting, sóllúga, 17" álfelgur, M-leðurstýri, hiti í framsætum.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér

YZF-R6
Borinn og barnfæddur
á kappakstursbrautinni

Verð nú
1.497.000 kr.
-70% lán til allt að 60 mán.

Ný Yamaha-verð á www.motormax.is



MotorMax
- lífið er leikur

Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
Mótormax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070
Mótormax Akureyri - Sími 460-6060

Auglýsingasími
512 50 50



- Mest lesið

AIM festival, alþjóðleg tónlistarhátíð á Akureyri, hefst í dag:

Dansar vals á listflugvélinni

AKUREYRI Arngrímur Jóhannsson flugkappi mun dansa vals á listflugvél sinni yfir miðbæ Akureyrar klukkan 16.30 í dag. Þetta akróbatiska áhættuatríði markar setningu AIM festivals, alþjóðlegrar tónlistarhátíðar á Akureyri, sem stendur fram til mánudagsins næsta.

Arngrímur er sérlegur verndari hátíðarinnar, sem er nú haldin í þriðja sinn. Valsinn var saminn sérstaklega fyrir tilefnið og verður útvarpað beint í síðdegisútvarpi Rásar 2 fyrir áhorfendur og áheyrendur. Með þessu tiltæki tekst Arngrími að sameina þrjú helstu áhugamál sín, sem eru flug, dans og tónlist.



OFURHUGI Arngrímur Jóhannsson flugkappi dansar vals á listflugvél yfir miðbæ Akureyrar í dag. Með því sameinar hann þrjú helstu áhugamál sín, sem eru flug, dans og tónlist.

Margt verður á döfnni á Akureyri í tengslum við hátíðina næstu daga og lofa aðstandendur því að bærinn muni íða af tónlist í fimm daga samfleytt. Meðal þeirra sem stíga á svið eru rússneski ofurbassinn Vladimir Miller, sem syngur með sextíu manna Mótettukór Hallgrímskirkju og hinn ungi píanósnillingur Víkingur Heiðar Ólafsson, sem í vor sigraði í einleikarakeppni Juilliard-skólans virta. Einnig kemur þýski trompetleikarinn Sebastian Studnitzky fram ásamt landsliðinu í djassi og ástralski djass-sextettinn Hoodangers hefur ferð sína um landið á Akureyri.

Þrjár farþegar og stolinn bíll:

Réttindalaus ökuníðingur

LÖGREGLUMÁL Ungur ökumaður var tekinn af oðsahraða aðfaranótt miðvikudags. Hann er talinn hafa ekið á 150-160 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarks hraði er 50 kílómetrar. Lögreglan veitti manninum eftirför frá Vesturlandsvegi, inn á Víkurveg og loks inn í Grafarvog. Þar hljóp hann út úr bílnum en var handtekinn. Maðurinn var ekki með ökuréttindi og tók bílinn í leyfisleysi frá verkstæðinu þar sem hann vinnur. Hann var með þrjá farþega í bílnum.

LÖGREGLUFRETTIR

Ekið á hjólreiðamann

Ekið var á ungan dreng á hjóli á Ísafirði á þriðjudag. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði en fékk að fara heim til sín samdægurs.



SMYGLARI Annþór Karlsson bar sig vel þegar hann mætti í aðalmeðferð málsins í héraðsdómi fyrir í mánuðinum. Hann hefur undanfarið setið inni og afplánað annan dóm.

Annþór í tukthús í fjögur ár

Fjórir menn hlutu fangelsisdóma fyrir innflutning á rúmum fimm kílóum af fíkniefnum til landsins með hraðsendingu. Annþór Karlsson hlaut þyngstan dóm.

DÓMSMÁL Fjórir menn voru í gær dæmdir í fangelsi fyrir innflutning á 4,7 kílóum af amfetamíni og tæpum 600 grömmum af kókaini sem bárust til landsins með hraðsendingu. Þyngstan dóm hlaut Annþór Kristján Karlsson fyrir skipulagningu og fjármögnun smyglsins.

Efnin komu til landsins frá Þýskalandi með hraðsendingu í nóvember í fyrra. Fjórir voru ákærðir í málinu; Annþór, Tómas Kristjánsson og bræðurnir Ari og Jóhannes Páll Gunnarssynir.

Ari og Jóhannes játuðu báðir að hafa borið skilaboð á milli Annþórs og Tómasar, en sögðust að öðru leyti ekki hafa komið að skipulagningu innflutningsins. Þeir báru báðir að Annþór hefði haft veg og vanda af skipulagningunni, með liðsinni Tómasar, sem starfaði hjá hraðsendingarþjónustunni UPS.

Annþór og Tómas neituðu báðir að tengjast málinu á nokkurn hátt. Annþór sagðist hafa látið Ara hafa aðgang að vefsvæði sínu sem hluta af hrekk. Ari hefði ætlað að senda bróður sínum tölvupóst í nafni Annþórs til að hrekkja bróðurinn. Tómas kvaðst ekki kannast við nokkuð það sem honum var borið á brýn.

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að framburður Annþórs og Tómasar væri að mestu mjög ótrúverðugur og sumpart fráleitur. Framburður þeirra var því ekki lagður til grundvallar niðurstöðu málsins, heldur byggt á framburði bræðranna Ara og Jóhannes-

DÆMDIR

Annþór Kristján Karlsson
Neitaði sakargiftum
Dómur: Fjögur ár fyrir að fjármagna og skipuleggja smyglið

Tómas Kristjánsson
Neitaði sakargiftum
Dómur: Tvö og hálf ár fyrir aðstoð við skipulagningu

Ari Gunnarsson
Játaði
Dómur: Eitt og hálf ár fyrir aðstoð við skipulagningu

Jóhannes Páll Gunnarsson
Játaði
Dómur: Eitt og hálf ár fyrir aðstoð við skipulagningu

ar, sem var afar samhljóða og studdur af öðrum gögnum málsins.

Annþór var dæmdur fyrir að fjármagna og skipuleggja smyglið og hlaut fjögurra ára dóm. Hann hefur hlotið tíu refsisdóma frá árinu 1993 fyrir skjálafals, þjófnað, nytjastuld, líkamsárás, húsbrot, frelsissviptingu og fíkniefnabrot.

Tómas fékk tveggja og hálfis árs dóm fyrir að hjálpa til við skipulagninguna. Bræðurnir hlutu báðir eins og hálfis árs dóm. Þeim var virt til refsilækkunar að hafa játað brot sín hreinskilnislega og að framburður þeirra hefði skipt sköpum til að unnt væri að upplýsa málið.

Tómas hefur ákveðið að áfrýja dómnum en beðið verður þar til eftir helgi með að ákveða hvort dómnum yfir Annþóri verður áfrýjað.

stigur@frettabladid.is



MacBook Air 1,36 kg, þyngd í samanburði við:

Fartölvu	2,50 kg
Erlent timarit	1,64 kg
Handtösku	2,37 kg

Fágun. Upplifun. Óviðjafnanleg.

MacBook Air – örþunn, fislétt, líka fyrir Windows

Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana. Létt, örþunn, öflug.



Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík



60% afsláttur



Mibsa Dafne nuddbaðkar,
180x83cm, með svuntu.

99.999 kr.
áður 249.999 kr.

50% afsláttur



Foster tveggja hólfu
vaskur, 55x50cm. **20.999 kr.**
áður 41.999 kr.

50% afsláttur



OMBG Hitastýrt baðtæki
(með innbyggðum skipti) **18.999 kr.**
áður 37.999 kr.

50% afsláttur

af öllum upphengdum klósettum



45% afsláttur



Macro 82x82 ferkantaður
easy klefi með glæru gleri. **49.499 kr.**
áður 89.999 kr.

70% afsláttur

af öllum sturtuhausum



5.999 kr.
áður 18.999 kr.

BAÐAÐU ÞIG Í GÓÐU VERÐI

Fjöldi annarra vara á 45%-70% afslætti



GLAÐSTYFIR HEIMSMETI Japanski sjónvarpsmaðurinn Monta Mino heldur stoltur á skjali sem staðfestir heimsmet hans í lengstum tíma í beinni útsendingu á einni viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP/KYODO

Misvel er staðið að einkunnaskilum í háskólunum:

Skil á einkunnum dragast

MENNTUN Nokkuð hefur borið á því að háskólakennarar hafi ekki skilað nemendum einkunnum á réttum tíma. Það getur verið nemendum mikilvægt því þeir þurfa að sýna fram á námsárangur sinn til þess að fá námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ástandið er öllu betra í Háskólanum í Reykjavík (HR) en í Háskóla Íslands (HÍ). Innan HÍ á almennt að skila einkunnum innan þriggja vikna frá því að próf er tekið. Dæmi er þó um að einkunnum úr vorprófunum í ár hafi ekki verið skilað allt að fjórutíu dögum eftir próf. „Við í Stúdentaráðinu höfum gert áttak í því að fylgjast með því að kennarar skili einkunnum á réttum tíma og erum til dæmis með sjálfvirka heimasíðu sem fylgist með einkunnaskilum“, segir Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ. „Þetta er einn liður í því að Háskólinn nái því markmiði að verða meðal hundrað bestu í heimi. Ég vona að kennarar átti sig á því“, segir hún.

Seinustu skilin

Upplýsingar teknar af vefsíðu Háskóla Íslands.

Áfangi:	Fjöldi daga frá prófi:
Efnafraði ensíma	42
Efnavarmafraði	42
Finnsk málfraði III	42
Lífefnafraði	42
Vinnuréttur	41
Umhverfisjarðefnafraði	39
Sagnflokkar og röklíðavíxl	32
UI - Tölvunotkun og töflureiknir	32



BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Jóhanna Klara Stefánsdóttir, formaður Stúdentaráðs HR, segist ekki hafa fengið kvartanir inn á sitt borð um að einkunnir hafi borist of seint. „Þetta er almennt ekki talið vandamál í HR.“

- gh

Dæmdir sekir en ekki refsað:
Tveggja ára bið eftir skýrslutöku

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt tvo bræður um þrjú sekum um líkamsárás á Selfossi í október 2005. Mönnunum var hins vegar ekki gerð nein refsing þar sem óheyrilegur dráttur varð á málinu, eins og segir í dómi. Skýrslur voru ekki teknar af vitnum fyrr en tveimur árum eftir að kæra barst.

Bræðurnir veittust að öðrum manni, annar þeirra skallaði hann í andlit og hinn sló hann hnefahögg. Maðurinn nefbrotnaði. Þeir voru dæmdir til að greiða mannum tæpar 400 þúsund krónur í bætun, en er eins og áður segir ekki gerð refsing.

- sh

Sturla Böðvarsson:

Frí á meðan Frakkar spila

STJÓRNMÁL Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, er í opinberri heimsókn í Frakklandi. Með honum í för eru formenn þingflokka þau Siv Friðleifsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Kristinn H. Gunnarsson.

Þau munu funda með forseta neðri deildar Frakklandsþings, umhverfisráðherra landsins og viðskiptaráðherra. „Þetta er nokkuð þétt dagskrá“, segir Sturla en bætir þó við að frí var á fundum meðan Frakkar léku á Evrópumótinu í knattspyrnu. „Hvort sem það er nú viljandi eða óviljandi“, bætir Sturla við kankvís. Heimsókninni lýkur á laugardag.

- jse



STURLA BÖÐVARSSON

VARNARMÁL „Breytingarnar [eftir brottför varnarliðsins] eru býsna augljósar, hinar fjölbjóðlegu varnir NATO hafa tekið við af hinu tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin. Þið hafið ekki „tapað“ Bandaríkjamönnum, þeir eru enn bandamenn ykkar í NATO, en Íslendingar hafa uppgötvað Evrópu og evrópsku NATO-þjóðirnar hafa uppgötvað Ísland!“ Þetta segir Francois Heisbourg, prófessor í París og formaður fjölbjóðlegu varnarmálarannsóknarstofnunarinnar IISS, í samtali við Fréttablaðið, en hann heldur fyrirlestur um öryggismála-



FRANCOIS HEISBOURG

stefnu Frakklands við Háskóla Íslands síðdegis í dag. Heisbourg hefur víðtæka reynslu á sviði öryggismála og hefur tekið virkan þátt í mótun franskrar öryggisstefnu síðasta aldarfjórðung. Hann hefur kennt við stjórnmálafræðiháskólann Sciences-Po í París og veitt forstöðu rannsóknastofnun um öryggismál í Frakklandi. Hann hefur í tíu ár verið formaður



LOFTRÝMISEFTIRLIT Frakkar sýna að sögn Heisbourg áhuga í verki á þátttöku í vörnum Íslands með loftrýmiseftirliti franskra orrustuþotna hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Geneva Centre for Security Policy og formaður stjórnar IISS frá því árið 2001.

Heisbourg tekur aðspurður undir það að í þá rúmu hálfu öld

sem bandaríska varnarliðið var hér létu hinar evrópsku NATO-þjóðirnar sig Ísland lítið varða, þar sem það hafði sitt tvíhliða samkomulag við Bandaríkin. Nú

sé Ísland hins vegar komið „kyrfilega inn á Evró-Atlantshafskortið.“ Varnarskuldbindingar Bandaríkjamanna gagnvart Íslendingum séu nú orðnar hluti af víðari skuldbindingum NATO.

„Þetta er flóknari staða, en þetta er líka staða sem er mun nær náttúrulegri land- og herfræðilegri stöðu landsins í Norður-Atlantshafi, með bandamenn beggja megin við það“, segir Heisbourg.

Aukinn áhugi evrópsku NATO-bandamanna endurspeglar meðal annars í áhuga Frakka á að taka að sér, fyrstir þjóða, loftrýmiseftirlit NATO við Ísland.

Aukinheldur staðfestir Heisbourg að horfurnar á að nýjar siglingaleiðir opnast yfir Norður-Íshaf og aðgangur að nýjum auðlindum þar norður frá auki herfræðilegt mikilvægi Íslands og nágrennis. Segja megi að sú þróun komi Íslandi úr þeirri jaðarstöðu sem hafi einkennt það hingað til í „venjulegri“ stöðu; með því að lenda í þjóðbraut breyttra viðskiptaleiða, loftslagsbreytinga og auðlindanýtingar verði Ísland líkara hverju öðru Evrópuríki hvað varðar hættumat og aðra þætti öryggismála-stefnu.

audunn@frettabladid.is

20%

ÞJÓÐHÁTÍÐAR- AFSLÁTTUR

til 17. júní

POLARN O. PYRET

Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is



TANGJIASHAN Vatnsborð stöðuvatnsins hafði lækkað mikið í gær. Í kjölfarið var flóðahættu aflýst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vatnsborð lækkar í stóru stöðuvatni í Kína:

Ekki lengur flóðahætta á jarðskjálftasvæðunum

KÍNA, AP Hættuástandi vegna flóðahættu hefur verið aflýst í Setsúan-héraði í Kína. Óttast hafði verið að stöðuvatnið Tangjiashan, sem myndaðist í jarðskjálftanum mikla í síðasta mánuði, myndi ryðja sér leið í gegn um stíflu sem jarðskriða myndaði. Unnið var að því síðustu daga að búa til stóran skurð til þess að lækka vatnsyfirlingarnið og létta þrýstingi af óstöðugum bökkum vatnsins.

Íbúar bæja neðan við vatnið höfðu verið í viðbragðsstöðu vegna mögulegs flóðs, en um 1,3

milljónir manna búa á svæðinu. 250 þúsund þeirra höfðu flust brott í varúðarskyni.

Þyrla, sem hrapaði í fjöllum eftir skjálftann, fannst einnig í gær. Þyrlan var að flytja særða frá skjálftasvæðunum þegar hún hrapaði, með fjórtán sjúklinga og fimm manna áhöfn um borð. Hennar hafði verið leitað frá 30. maí.

17.516 manns er enn saknað eftir jarðskjálftann 12. maí og staðfest hefur verið að 69.146 hafi látið lífið. Um fimm milljónir manna misstu heimili sín.

- þeb

Kókaíns enn beðið:
Hjálparmeðul í Hollendinginn

LÖGREGLUMÁL Hollenski maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi í lögrelustöðinni á Suðurnesjum hefur nú ákveðið að þiggja hjálparmeðul til að auðvelda sér að losa sig við fíkniefnapakkningu sem hann er með í iðrunum.

Maðurinn, sem handtekinn var fyrir réttum hálfum mánuði, hefur neitað að taka inn hægðalosandi lyf þar til í fyrradag. Röntgenmyndir sem teknar hafa verið reglulega af honum sýna að enn er talsvert af þökkum í meltingarvegi hans. Á fimmta tug hafa gengið niður af honum og hafa sýni sýnt að um kókaín er að ræða.

- jss

Samtök iðnaðarins vilja verðtryggingu á samninga sem þegar hafa verið gerðir:
Ólíklegt að borgin verðtryggi

EFNAHAGSMÁL Ólíklegt er að Reykjavíkurborg fylgi fordæmi Vegagerðarinnar og verðtryggi verksamninga sem gerðir eru til skemmri tíma en tólf mánaða, segir Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs borgarinnar.

Samtök iðnaðarins óskuðu eftir því við borgina að allir verksamningar yrðu verðtryggðir, þar með taldir þegar gerðir samningar.

Hrólfur segir að ekki komi til greina að samningar sem þegar sé búið að gera verði verðtryggðir. Verið sé að skoða hvort breyta eigi reglum borgarinnar að öðru leyti.

Borgin verðtryggir alla samninga til lengri tíma en eins árs,



FRAMKVÆMT Verktakar unnu í gær hörðum höndum að því að fræsa Grettisgötuna og aðrar götur miðsvæðis í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sem og ákveðna stóra samninga sem gerðir eru til skemmri tíma.

Rökin fyrir því að verðtryggja

eru helst þau að borgin gæti fengið betra verð, þar sem verktakar þurfa ekki að reikna með ákveðinni verðbólgu og verðhækkunum í tilboðum, segir Hrólfur. Á móti komi að óheppilegt sé að hringla mikið með útbóðsreglur.

Innkauparáð borgarinnar fjallaði um verðtryggingar snemma í maí. Ráðið fól embættismönnum að skoða kosti og galla verðtryggingu. Þeirri skoðun er ekki lokið.

Fulltrúi Samfylkingarinnar í innkauparáði varar í bókun við því að borgin auki verðtryggingu. Það geti valdið minni innkaupaáðilum vandræðum og ýtt undir almennar verðhækkunar.

- bj



80005555

Alla daga frá 10 til 22

ToysRus

131391 **FOOD'N'FUN AFGREIÐSLUKASSI**
Með m.a. kassastrímil, skannara, hátalarabúnaði til þess að kynna tilboð dagsins og reiknivél sem gengur fyrir rafmagni. 29 cm. Þarf 4 C-raffhlöður. Fyrra verð 2.999

PLING PLING
1/2 VIRÐI
1.499
SPARIÐ 1.500

136422 **FOOD'N'FUN RAFMAGNSELDHÚS**
Eldavél með 2 „gashellum“ með ljósi og hljóði. Hægt að opna hurðir á ísskáp og ofni. 62 x 98 x 37 sm. Þarf 3 C-raffhlöður. Fyrra verð 6.499

Diiing!

011288 **PERCUSSION TUBES**
Þarf 4 C-raffhlöður. Fyrra verð 5.499

1/2 VIRÐI
3.249
SPARIÐ 3.250

1.999
SPARIÐ 7.000

011287 **KEYBOARD EXPERIENCE**
Þarf 4 C-raffhlöður. Fyrra verð 8.999

COLOR kids

105071/106061 **COLOR-KIDS ÚTFLÚRA-KALLI/ÚLLA**
Útflúrskordýr sem teiknar frábær myndir með því að snúa sér og upp á sig á pappírnum. Þarf 2 E-raffhlöður. Fyrra verð 1.999

1/2 VIRÐI
999
SPARIÐ 1.000

450746 AQUA DOODLE REGNBOGATEIKNIMOTTA
1 sprautupenni og mynd. Fyrra verð 4.299

2.149
SPARIÐ 2.150

Þessi tilboð gilda aðeins á Akureyri

OPUNARTÍMAR AKUREYRI
Mánudaga-föstudaga 10 - 18.30
Laugardaga 10 - 17
Sunnudaga 12 - 17

Það er ekki hægt að versla í gegnum postkröfu hjá okkur.

Tilboðin gilda til 15.6.2008. Virðisaukaskattur er innifalinn í verði. Við gerum fyrirvara á hugsanlegar prentvillur og að vörur hafi selst upp.

AKUREYRI, GLERÁRTORG. SÍMI 461 4500



Linde Gas | AGA



28" Gentleman 2008



Grandhall Premium grill 323



Pyrex oval fat m/ grind



Tefal Fitness tilboðspanna



Panasonic 32" LCD sjónvarp

Ný glæsi verslun í

HAGG

Ein ferð b

Fjöldi frábærra



leg Garðabæ

KAUP

betra verð

opnunartilboða

**TAX
FREE**

Af öllum
fatnaði

Opnum kl. 10:00 í dag.

Pylsur, gos,
andlitsmálun, hoppukastali
og margt fleira skemmtilegt.



Kjúklingur heill



Jarðaber í lausu



Kaffitár




2 | 7UP, 2 | Mix, 1/2 | appelsín í dós

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Útgjöldin

>Miðaverð í venjulegan sal í kvikmyndahúsi í maímánuði.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: SIGRÍÐUR EYÞÓRSÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

Viðraði sófasettið í garðinum

„Verstu kaup sem ég hef gert eru Nokia-símar en þeir hafa allir skemmt. Sá fyrsti hætti bara að virka að ástæðulausu. Næsti sími fór í munn dóttur minnar í órstutta stund og tærðist upp eftir það. Sá þriðji fór svo í munn sonar míns og hlaut sömu örlög og sá fyrri. Þá gróf ég upp gamlan Sony Ericsson-síma sem ég nota núna og ég er mjög ánægð með hann.“

Hún minnst einnig sófasettsins sem leit svo vel út við fyrstu sýn. „Ég keypti það notað en þegar ég kom með það heim fór ég fljótlega að finna hræðilega vonða lykt af því. Ég viðraði það úti í garði og fór með það í

gufuhreinsun en ekkert virkaði.“

Sem betur fer hefur Sigríður gert nokkur af góð kaup líka. „Ég elska hippalegu kápuna sem ég keypti í Spútnik í fyrra. Hún er eldraud og afskaplega falleg og enginn annar á alveg eins.“

Eins og margir hefur hún gert góð kaup á útsölu. „Fyrir tíu árum keypti ég mér Ecco-inniskó á útsölu í verslunarmiðstöð á Amager í Kaupmannahöfn sem ég nota ennþá með ánægju.“



GÓÐ HÚSRÁÐ SETUR MUNNÞURRUKU Í SALATPOKANN

■ Björn Leifsson í World Class notar munnþurrku til að halda salati fersku.

„Til að halda pokasalati sem ég kaup úti í búð lengur fersku í ísskápnum set ég eina munnþurrku í pokann,“ segir Björn Leifsson eigandi World Class. Hann segir að með því sé rakinn tekinn úr salatinu og þannig haldist það lengur ferskt.

„Ég hef notað þetta húsráð lengi og það hefur nýst mér mjög vel við ýmiss konar eldamensku,“ segir Björn.



■ Dýrast/Ódýrast Europris býður best

Hrífur eru sígild garðverkfæri. Í Húsasmiðjunni kosta þær ódýrustu aðeins 1.199 krónur en þær dýrustu eru á rúmlega þrjú þúsund krónur. Í Garðheimum kosta sús ódýrasta 2.370 krónur en sú dýrasta 3.480 krónur. Ódýrustu hrífurnar í Byko kosta 1.390 krónur en þær dýrustu eru á 3.837 krónur. Í Europris er aðeins um eina samsetta tegund að ræða, hausinn kosta 599 krónur en eigi skaftið að bæstast við er það á 399 krónur. Europris er sú eina af búðunum sem heldur verðinu undir þúsund krónum.



Garðræktin gerð hagstæð

Nú er tími sumarblómanna og úr ýmsum tilboðum og hugmyndum að velja. Gróðrarstöðvarnar keppast við að selja falleg blóm auk þess sem Grasagarðurinn í Reykjavík býður upp á ókeypis fræðslu í umhirðu þeirra.

Stjúpur eru klassísk sumarblóm og oft hægt að gera góð kaup þegar margar eru keyptar í einu. Í Blómavali er hægt að fá tíu stjúpur í bakka á 599 krónur og í gróðrarstöðinni Mörk fást þær á 550 krónur. Stjúpurar eru eilítið dýrari í Sólskógum á Egilsstöðum en þar kosta blandaður bakki 690 krónur. Tilboð Garðheima sem hljóðar upp á tíu sumarblóm (ekki stjúpur) í bakka er á 795 krónur en þar er einnig hægt að fá tuttugu einlitar stjúpur í bakka á 1.750 krónur.

Meðferð sumarblómanna þurfa margir að læra en Grasagarðurinn í Reykjavík býður upp á fræðslu um ræktun í blómakerjum í kvöld. Eva G. Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Grasagarðsins, segir vandlega umhirðu plantna skipta gróðrarlegu máli. „Auður Óskarsdóttir, garðyrkjufraeðingur og blómaskreytir, ætlar að sýna garðyrkjuaáhugafólki hvernig best sé að setja sumarblóm og matjurtir í ker. Einnig kynnum við notkun á kristalsefni sem dregur í sig vatn svo að það verði aðgengilegt þegar moldin þornar ef gleymist að vökva.“

Hún segir kúntina felast í upp-röðun á plöntum. „Matjurtir mega fara með sumarblómum í ker og Auður mun fjalla um algeng sumarblóm í bland við matjurtir. Það er mikilvægt að taka tillit til hæðar og vaxtarlags, eigi ræktunin að heppnast.“

Eva ítrekar mikilvægi góðrar umhirðu. „Það er mjög bagalegt að sjá garðeigendur úða eitri yfir garðana sína en með eitruninni eru nytjadyr drepin og þá eyðileggst vistkerfi garðsins. Í Grasa-



SUMARSTARF Í GRASAGARÐINUM Eva G. Þorvaldsdóttir forstöðumaður ásamt Auði Óskarsdóttur garðyrkjufraeðingi sem stendur að fræðslu kvöldsins. FRÉTTAÐLAÐIÐ/ARNÞÓR

garðinum lítum við á eitrun sem algert neyðarúrræði; við notum lífrænar varnar inni í garðskála og matjurtir eru lífrænt ræktaðar. Eitrun og matur fara einfaldlega ekki saman.“

Auður Óskarsdóttir leiðbeinir við niðurröðun í blómaker með sumarblómum og matjurtum klukkan átta í kvöld í Grasagarðinum í Laugardal. - hþj

LÆRT AÐ SPARA Fræðsla um ræktun jurta getur glatt bæði þyngju og auga, ekki síst þar sem matjurtir kosta sitt í verslunum.



Hluthafafundur FL Group hf. 19. júní

Stjórn FL Group hf. boðar hér með til hluthafafundar sem haldinn verður á Hilton Nordica Hótel, 2. hæð, fimmtudaginn 19. júní 2008, kl. 8.30.

Dagskrá:

- Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
 - Breytingar á 4. gr. samþykka. Lagt er til að fyrirbyggjandi heimild félagsstjórnar til að hækka hlutafé félagsins skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins verði aukin úr 2.500.000.000 kr. í 5.000.000.000 kr. að nafnverði. Tillaga er einnig gerð um tilfærslu málsliða innan greinarinnar án þess að um efnislegar breytingar sé að ræða.
 - Breytingar á 5. gr. samþykka. Lagt er til að breyting verði gerð á 2. mgr. 5. gr. samþykka um ákvörðun kaupverðs eigin hluta. Felld verði á brott tilvísun til verðs í kauphöll og í stað hennar vísað til meðalsöluverðs samkvæmt þekktum viðskiptum á tveggja vikna tímabili. Sé ekkert viðskiptaverð þekkt skal stjórn heimilt að ákvarða kaupverð að fenginni ráðgjöf fjármálafyrirtækis.
 - Breytingar á 8. gr. samþykka. Skylda til að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði á hluthafafundum bréflaga verði breytt í heimild þar að lútandi.
 - Breytingar á 12. gr. samþykka. Lagt er til að stjórn FL Group hf. verði skipuð fimm mönnum í stað sjö.
- Tillaga stjórnar um heimild til að ráðstafa eigin hlutum.
 - Lagt er til að stjórn félagsins sé heimilt að selja alla eigin hluti í eigu félagsins og að endurgjaldið verði greitt með öðru en reiðufé.
- Stjórnarkjör.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns framboðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um tillögurnar bréflaga.

Atkvæðaseðlar eru fyrirbyggjandi á skrifstofu félagsins frá og með föstudeginum 13. júní nk. og þar er enn fremur hægt að greiða atkvæði. Þeir hluthafar sem þessa óska skriflega fyrir föstudaginn 13. júní nk. geta fengið atkvæðaseðla senda. Bréflög atkvæði skulu berast á skrifstofu félagsins eigi síðar en kl. 16.00 miðvikudaginn 18. júní eða afhendast á hluthafafundinum sjálfum. Atkvæði verða talin á hluthafafundinum þann 19. júní og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem þá eru skráðir í hlutaskrá tekin með í atkvæðagreiðslunni. Fundargögn, þ.m.t. tillaga stjórnar ásamt greinargerð, eru til sýnis á skrifstofu FL Group hf. frá og með fimmtudeginum 12. júní og verða send þeim hluthöfum sem þessa óska. Gögnin eru enn fremur aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is.

Reykjavík, 12. júní 2008
Stjórn FL GROUP hf.



Kostnaður við að greiða í stöðumæli í höfuðborgum Norðurlandanna:

Ódýrast að leggja í Reykjavík

Að leggja bifreið í stæði í miðbæ Reykjavíkur kostar rúmlega þrisvar sinnum minna á Íslandi en í Noregi. Þrátt fyrir að borð hafi á óánægju á meðal Íslendinga yfir verðlagningu í stöðumæla eru stæðin hér hræðdýr í samanburði við hin Norðurlöndin.

Í dýrasta gjaldflokki kostar klukkustundin 150 krónur í Reykjavík. Óslóarþúar greiða hæst í þessum flokki og þurfa að láta af hendi 500 krónur fyrir klukkutímann en þeir mega einungis leggja í gjaldskyld stæði í tvo klukkutíma í senn.

Þegar lagt er á gjaldsvæði tvö greiða Danir mest, eða rúmlega 250 krónur fyrir klukkustundina. Í Reykjavík kostar stæðið aðeins átta tíu krónur.



STÖÐUMÆLASEKTIR Það er nóg pláss í bílastæðahúsum á laugardögum.

Verðmunur á íbúakortum er ekki jafn mikill. Þar greiða Reykjavíkingar aftur minnst eða þrjú þúsund krónur fyrir árskortid á meðan frændur okkar Finnar borga 4.300 krónur.

Athygli vekur að á hinum Norðurlöndunum eru bílastæðahús mun betur notuð en í Reykjavík, en þó að þau séu gjaldfrjáls á laugardögum sjást þar fáir bílar.

- hþj

Suðurnes

Akureyri

Reykjavík

Húsavík

Nú geta fleiri notið góðs...

...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum

Meira en bara múrvörur...



Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)

24.900 kr.



Vaskur á borð

4.900 kr.

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.

Sjá www.murbudin.is



ODEN þekjandi viðarvörn. 3 lítrar

3.595 kr.



Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)

54.900 kr.



Steinvaskur 100x48x140 á 76cm stálgrind - til í fleiri stærðum

49.900 kr.



Skófla

695 kr.



Dicht-Fix þéttiefni. 4 lítrar

4.995 kr.



Riðfríar skrúfur í pallasmíði 4,5x40 mm, 200stk.

1.495 kr.



Baðvask blöndunartæki

5.900 kr.



Flísar 20x25 cm, hvítar glans

1.190 kr. pr. m²



Járnklippur

995 kr.



DEKACRYL 7, 10 lítrar

3.290 kr.



Mustang náttúrusteinn 30x60 cm

2.390 kr. pr. m²



SCALA hálfþekjandi viðarvörn. 5 lítrar

2.990 kr.



DEKAPRO útimáling, 10 lítrar

3.990 kr.



Háþrýstidæla, max 140bör

7.900 kr.



Tvöfaldur stigi, 2x8þrep

7.900 kr.



Múrverkfæri. Verð frá

590 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
.4482 -0,68%Fjöldi viðskipta: 402
Velta: 18.190 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ KAUPPING

+0,80%

MESTA LÆKKUN

↓

EIMSKIPAFÉLAGIÐ
TEYMI -12,72%

ICELANDAIR -6,27%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 6,52 -0,61% ... Bakkavör 30,80 -2,99% ... Eimskipafélagið 17,50 -12,72% ... Exista 8,85 -1,56% ... Glitnir 16,65 0,00% ... Icelandair Group 16,45 -6,27% ... Kaupþing 756,00 +0,80% ... Landsbankinn 23,20 -1,70% ... Marel 88,50 -1,45% ... SPRON 3,95 -4,36% ... Straumur-Burðarás 10,14 -1,46% ... Teymi 2,37 -12,55% ... Össur 92,30 -0,97%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Skjót viðbrögð Seðlabankans

Seðlabanki Íslands brást skjótt við umfjöllun Markaðarins í gær um kennsluafni Seðlabanka. Í gærmorgun barst fréttatilkynning frá bankanum þar sem bent er á efni sem bankinn gefur út, tengla á efni frá öðrum seðlaböndum og nánari upplýsingar um opnunartíma myntsafns Seðlabankans. Fjallað er um tölvuleik sem er að finna í myntsafni Seðlabanka Íslands þar sem hægt er að setjast í stól bankastjóra og spreyta sig á því að beita stýritækjum hans til að ná verðbólgu markmiði bankans.



Andrés Önd og peningastefnan

Í umfjöllun Markaðarins, Andrés önd og peningastefnan, er farið yfir það hvernig seðlabankar heimsins hafa sett fram fræðsluafni í hagfræði á einfaldan og skýran hátt. Tekin eru fjölmörg dæmi um hvaða leiðir seðlabankar hafa farið til að auka þekkingu almennings í hagfræði. Lítið hefur farið fyrir fræðsluafni á vefsíðu Seðlabankans en athyglisvert er að sjá að starfsmenn Seðlabankans hafa puttann á púlsinum.



Atvinnuleysi óbreytt í maí

Skráð atvinnuleysi í maí var 1,0 prósent og óbreytt frá fyrra mánuði. Í maí í fyrra var atvinnuleysið 1,1 prósent. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er 0,8 prósent og 1,4 prósent á landsbyggðinni, það sama og í apríl á báðum svæðum samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar.

Atvinnuleysi meðal karla minnkar milli mánaða, mælist nú 0,8 prósent en var 0,9 prósent í apríl, og er það einkum á landsbyggðinni sem atvinnuleysið minnkar meðal karla. Atvinnuleysi kvenna er 1,3 prósent líkt og í apríl. Það hefur þó aukist töluvert meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu en minnkað lítillega á landsbyggðinni. - bpa

Nýsir fórnarlamb lausafjárkrísunnar

„Við erum fórnarlamb lausafjárkreppunnar,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis, um bága stöðu félagsins. Hann segir sjö til tíu milljarða króna vanta til að mæta endurfjármögnunarpörf ársins. Spurður um getu Nýsis til að greiða af lánum félagsins, segist hann bjartsýnn. Landsbankinn vinni að málefnum þess. Félagið sé ekki á leiðinni á hausinn.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur komið til umræðu að bankinn eignist hlut í Nýsi, en tveir einstaklingar eiga félagið nú.

Nýsir er stór á íslenskum fasteignamarkaði og stendur til dæmis í rekstri fasteigna fyrir hið opinbera. Auk þess á Nýsir helmingshlut í Portus á móti Landsbankanum sem reisir nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurbíóhöfn.



FORSTJÓRINN Höskuldur Ásgeirsson forstjóri Nýsis segir félagið standa vel, en skorta skammtíma fjármögnun.

Stærstu lánadrottinnar Nýsis vildu ekkert tjá sig um fyrirtækið í samtali við Markaðinn. - bpa/ikh

Launamunurinn minnkar

„Ánægjulegt er að sjá að launamunur kynjanna er að minnka, sérstaklega í ljósi þess að launamunurinn hefur verið að aukast undanfarin ár,“ segir Guðni Rafn Gunnarsson, varaformaður félagsviðskipta- og hagfræðinga.

Í árlegri launakönnun félagsins kemur fram að leiðréttur launamunur kynjanna var 7,5 prósent

samanborið við 8,5 prósent árið 2007.

Laun kvenna hafa hækkað um 11 prósent en 2,4 prósent hjá körlum. Vinnuvika karla var að meðaltali 51,6 klukkustundir en kvenna 47,5 klukkustundir. Miðgildi heildarlauna var 500 þúsund hjá konum en 600 þúsund hjá körlum. - bpa

Mistök við Innovate-kaup

Eimskip tilkynnti í gær um afskriftir á dótturfélagi sínu Innovate um tæpa níu milljarða króna. Stjórnarformaður félagsins telur þetta óeðlilegt og fullkomlega óásættanlegt.

Gengi hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands (Eimskip) féll um tæp 13 prósent í gær eftir að félagið tilkynnti um afskriftir á eignarhlut í dótturfélagi sínu, Innovate Holding, í Bretlandi. Innovate sérhæfir sig í hitastýrðum flutningum og geymslum í Bretlandi. Bókfært virði eignarhlutsins er 74,1 milljón evra, jafnvirði nærri níu milljarða króna, sem afskrifaður er að fullu á öðrum ársfjórðungi. Uppgjör annars ársfjórðungs félagsins verður lagt fyrir 20. júní næstkomandi.

Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskips, segir að það sé alveg ljóst að það hafi orðið einhver stjórnunarleg mistök við kaupin á Innovate. „Þetta er meira áfall en menn telja eðlilegt að sjá. Það er eðlilegt að það verði farið gaumgæfilega ofan í öll mál í kringum yfirtökuna á Innovate. Stjórnin telur þetta óeðlilegt og fullkomlega óásættanlegt,“ segir Sindri.

„Það er alveg ljóst að það hafa verið erfiðir tímar síðastliðið ár en það virðist engu að síður hafa orðið alvarlegir breistir í viðskiptamódeli



KARLARNIR Í BRÚNNI Gylfi Sigfússon forstjóri og Sindri Sindrason stjórnarformaður Eimskipafélagsins telja að stjórnunarleg mistök hafi orðið við kaupin á Innovate.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hjá Innovate sem menn hefðu átt að vera búnir að reka augun í fyrr,“ segir Sindri.


Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, segir að unnið sé að hagræðingu á öllum sviðum. Annar rekstur sem snúi að flutningastarfsemi sé í mjög góðum farvegum. „Við æltum okkur að einbeita okkur að flutningastarfseminni,“ segir Gylfi. Gylfi segir að aðrar fjárfestingar Eimskips, að Innovate undanskildu, séu ásættanlegar.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips, segir að verið sé að skoða ýmsar leiðir til að styrkja eiginfjár-

hlutfall félagsins. Nefnir hann í því sambandi möguleika á hlutabréfaskráningu kæli- og frystigeymslu-fyrirtækisins Versacold Atlas í Kanada. Eimskip yrði samt sem áður stór hluthafi í félaginu. Halldór telur að eiginfjárlutfall gæti farið úr 16 prósentum í 30 með hlutabréfaskráningu Versacold Atlas. Það sé það hlutfall sem fjárfestar myndu vilja sjá hjá félaginu.

Hlutabréf í Eimskip hafa fallið um tæplega 50 prósent frá áramótum og markaðsverðmæti þess lækkað um 30,4 milljarða króna.

annas@markadurinn.is



Segðu Spaaah

Er kroppurinn til í sumar og sól?

Þú færð allar vinsælustu Aveda spa og snyrtimeðferðirnar hjá okkur. Hver meðferð er útfærð eftir þínum þörfum enda er ástand líkamans mismunandi eftir árstíðum.

Þú fyllir út einfaldan lista sem byggir á hugmyndafræði Aveda um frumefnin fimm, þannig getur fagmaðurinn hannað meðferðina sérstaklega fyrir þig.

UNIQUE hár & spa er fyrsta Aveda lífstíls hárgreiðslustofan og spaið á Íslandi. Þar er boðið uppá fjölmargar líkamsmeðferðir Aveda ásamt almennri þjónustu snyrtistofu. Einnig eru allar Aveda vörurnar fáanlegar í verslun okkar.

Unique hár og spa, Borgartúni 29,
105 Reykjavík, S: 552 6789
www.unique.is

AVEDA
The art and science of pure Therapeutic Botanicals

OPNA **SAMSUNG** GOLFMÓTIÐ

á Kiðjabergi

Laugardaginn 14. júní
Ræst verður út frá kl. 8.00

Skráning á www.golf.is
Og í síma 486 4495



Fjöldi glæsilegra vinninga, svo sem:



Vídeóvél VP D361
að verðmæti 29.900 krónur



DVD V6700
að verðmæti 22.900 krónur

YP K3 MP3 spilari 2 GB
að verðmæti 12.900 krónur



ORMSSON

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL- AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR- ÍSAFIRDI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
BÓKABÚÐ- HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRDI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN- SELFOSSI
SÍMI 480 1160

BONUS**BONUS****BONUS**

Amerískar McCain Crescendo Pizzur

398

McCain Pizza 4 Cheese;
með fjórum tegundum af osti:
Mozzarella, Cheddar, Monterey Jack,
Parmesan. Stærð: 770g.

McCain Pizza Deluxe:
með ítalskri pylsu, pepperoni, paprikku, lauk,
ólívum og osti. Stærð 990g.

McCain Pizza Pepperoni:
með pepperoni pylsu og osti.
Stærð 830g.



McCain Amerískar risapizzur **aðeins 398 kr stk.**



LAMBAKJÖT 30%-50% AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR

KS frosin lambasvið
199 kr./kg. 399 kr./kg.



30%
AFSLÁTTUR

KS frosinn lambabógur
489 kr./kg. 699 kr./kg.



2498

KS ferskt lambafillet
2498 kr./kg.



59
Pepsi Max / Egils Appelsín
500 ml. 59 kr.

FETA
OSTUR



198
Bónus fetaostur í gleri
250g **198 kr. stk.**

FROSIÐ
GÚLAS



1498
Frosið ungnautagúllas
1498 kr./kg.



KF-HRÁ-
SALAT



98
KF hrásalat
350g 98 kr.

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BONUS**BONUS****BONUS**

FERSKUR HOLTA KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR

**239**

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
239 kr./kg. **MERKT VERÐ 399 KR./KG.**

**449**

HOLTA FERSK KJÚKLINGALÆRI M/LEGG
449 kr./kg. **MERKT VERÐ 748 KR./KG.**

**359**

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. **MERKT VERÐ 598 KR./KG.**

**298**

PURE HEAVEN
hreinn léttkolsýrður
sumardrykkur
án áfengis.

TVÆR GERÐIR:

RAUD VÍNBER
(RED GRAPE)

JARDABER & GUL VÍNBER
(WHITE GRAPE
STRAWBERRYS)

750 ml.
298 kr.fl.

**2298**

Pampers bleiur megapakki
2298 kr. kassinn

**198**

Bónus gleðipinnar 15 stk.
198 kr pakkinn.

**25 Bónusverslanir
sama verð um land allt**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

Eru ofveði og lægri laun mannréttindabót?

Ábyrgt svar

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Svar sjávarútvegsráðherra til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna er markvert fyrir þá sök að báðir stjórnarflokkarnir hafa náð saman um það og forysta Framsóknarflokksins sýnist vera efnislega sammála þeim fyrstu viðbrögðum. Langt er síðan jafn breið samstaða hefur tekist um svo eldfimt mál sem lýtur að sjálfri fiskveiðistjórnuninni.

Mikilvægustu atriðin í svari ríkisstjórnarflokkanna eru þrjú: Í fyrsta lagi að fara ekki í raun út fyrir það sem samið var um í stjórnarsáttmálanum, að skipa nefnd til að meta reynsluna af aflamarkskerfinu. Í öðru lagi að hafna skaðabótum. Í þriðja lagi að draga fram þá staðreynd að svipting veiðiheimilda gæti rekist á stjórnarskrá og eignarréttarvernd mannréttindasáttmála Evrópu.

Deilurnar um fiskveiðistjórnunina eru helsta hugmyndafræðilega ágreiningsefnið í íslenskum stjórnámálum. Þar er annars vegar tekist á um markaðslausnir og hins vegar um pólitíska miðstýringu. Að því leyti er deiluefnið skýrt.

Þeir sem eru hlynntir pólitískri miðstýringu fiskveiða hafa litið svo á að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna útiloki sjálfkrafa að við getum hagnýtt okkur kosti markaðskerfisins. Sú fullyrðing er vægast sagt hæpin þegar á það er horft að allar aðrar fiskveiðiþjóðir hafa án ágreinings fengið að úthluta veiðiheimildum á grundvelli veiðireynslu eins og hér var gert. Þá hafa markaðslausnir við stjórn fiskveiða með nokkrum öðrum þjóðum ekki þótt vera andstæðar mannréttindaskuldbindingum. Hvers vegna þá hér?

Hagnaður útvegsins og sjálfbær nýting fiskistofna eru þau atriði sem fiskveiðistjórnun snýst öðru fremur um. Það sem skiptir máli til að ná þeim markmiðum er að jafnvægi sé á milli afkastagetu fiskiskipastólsins og afrakstursgetu fiskistofnanna. Ef fiskiskipastóllinn er of stór gerist þrennt: Kostnaðurinn verður of mikill, þrýstingur á ofveði eykst og launakjör versna.

Þó að markaðskerfið sé ekki fullkomið sýnir reynslan að það hefur skilað betri árangri varðandi þessi höfuðmarkmið en pólitísk miðstýring. Reynslan sýnir að þegar veiðiheimildum hefur verið úthlutað á pólitískum grundvelli eiga stjórnarmálmennt erfiðara með að takmarka leyfðan heildarfla. Í flestum miðstýringarkerfum þurfa skattborgararnir einnig að greiða með útgerðinni.

Þær fréttir sem nú berast frá nokkrum helstu miðstýringarþjóðum í fiskveiðum í Evrópu sýna þennan vanda í hnotskurn. Hækkandi olúverð veldur því að ýmsar ríkisstjórnir íhuga að láta skattborgarana greiða enn stærri hluta af útgerðarkostnaði of stórs flota. Það er þetta sem myndi hljótast af kerfisbreytingu hér á landi. Væri það mannréttindabót?

Fiskveiðar hafa óvída jafn mikla efnahagslega þýðingu og hjá okkur. Það er því ekki ofsögum sagt að þær hugmyndafræðilegu deilur sem staðið hafa um stjórn fiskveiða snúast um lífskjör. Þetta á bæði við um þjóðarþúskaðinn í heild og einstaklinga. Í ríkisstyrktum sjávarplássum Evrópu eru lífskjör að öllu jöfnu mun lakari en á þeim svæðum þar sem samkeppnishæfar atvinnugreinar þrífast.

Að þessu virtu hefði annars konar svar af hálfu ríkisstjórnarinnar verið óábyrgt. Ábyrg afstaða Framsóknarflokksins sýnir að þar er að finna forystumenn sem geta verið stærri í sniðum en einfaldar tölur í skoðanakönnunum augnabliksins. Nú er mannréttindanefndarinnar að svara.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Njála 2

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, lóðsar gesti um Þingvelli í kvöld og fjallar um þá sem órlagastað í Njálssögu. Á Þingvöllum hitti Gunnar Hámundarson Hallgerði Höskuldsdóttur en þeirra hjónaband var stormasamt og órlagaríkt, eins og frægt er. Það fer vel á því að Guðni fjalli um þessa atburði. Það var jú líka á Þingvöllum sem Geir H. Haarde hitti Ingibjörgu Sólrúnu Gíslasdóttur og myndaði með henni ríkisstjórn. Sú sambúð hefur heldur ekki verið átakalaus, samanber alræmda blogg færslu Össurar Skarphéðinssonar um Gísla Marteini Baldrsson, sem er auðvitað pólitískt ígildi húskarlavíganna

forðum. En hvort Guðni líti á sig sem Gissur hvíta eða Brennufloka í þessu samhengi er hins vegar önnur saga.

Prentvilla?

Dofri Hermannsson, talsmaður borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar í umhverfismálum, lýsir yfir vonbrigðum með Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra fyrir að taka eina af fyrstu skóflustungunum að kerskála væntanlegs álfvers í Helguvík; athöfn sem Dofri segir í hróplegri mótsögn við afstöðu Samfylkingarinnar í umhverfismálum. Getur verið að stafirnir r og g hafi kannski vixlast í yfirskrift umhverfisstefnu Samfylkingarinnar – Fagra Íslandi?

Álits enn beðið

Í lok janúar kvörtuðu tveir umsækjendur um stöðu héradósmara á Norðurlandi eystra til umboðsmanns Alþingis vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í starfið. Í lok mars skilaði Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, svari við fyrirspurnum umboðsmanns vegna málsins. Hálfum þriðja mánuði síðar er enn beðið eftir áliti umboðsmanns Alþingis um hvort Árni hafi virt góða stjórnslu-hætti. Þetta hlýtur Árna að þykja langur tími – ekki síst í ljósi þess að í svari sínu í mars sagðist hann gruna að umboðsmaður hefði þegar gert upp hug sinn í málinu. bergsteinn@frettabladid.is



Röng viðbrögð

Frestur ríkisstjórnarinnar til að bregðast við úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um fiskveiðistjórnkerfið er liðinn. Nefndin veitti ríkisstjórninni 180 daga frest til að gera grein fyrir, hvornig stjórnin hygðist snúa mannréttindabrotalöminu burt úr fiskveiðistjórnkerfinu og hvornig hún hygðist bæta skaða sjómannanna tveggja, sem kærðu ríkið fyrir mannréttindabrot eftir að hafa verið fundnir sekir hér heima samkvæmt gildandi ólögum og rúnir aleigunni.



ÞORVALDUR GYLFASON Í DAG | Svar ríkisstjórnarinnar til mannréttindanefndar SP

Margt benti lengi vel til þess, að ríkisstjórnin ætlaði að láta frestinn líða án þess að svara nefndinni, enda bárust engar efnislegar fréttir af fyrirhuguðum viðbrögðum stjórnarinnar. Ýmis ummæli oddvita ríkisstjórnarinnar í þá vör, að úrskurður nefndarinnar væri ekki bindandi, hlutu að sá tortryggni, því að skuldbinding Íslands gagnvart mannréttindanefndinni er ótvíræð. Enda segir í greinargerð við frumvarp um lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu: „Ísland er eitt þeirra ríkja sem hefur skuldbundið sig til að hlíta kerum einstaklinga á hendur sér samkvæmt þessari bókun.“ Það vakti einnig tortryggni, að þingsályktunartillaga hæstaréttarlögmannanna Jóns Magnússonar og Atla Gíslasonar um það, að Alþingi hygðist breyta fiskveiðistjórnarlögunum til samræmis við úrskurð mannréttindanefndarinnar, fékkst ekki rædd á Alþingi fyrir en seint og um síðir og var síðan kæfð í nefnd og kom því aldrei til afgreiðslu. Þrátt fyrir þessar vísbendingar sendi ríkisstjórnin nefndinni að endingu svar, sem hægt er nú að nálgast á vef landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins. Svारीð er ríkisstjórninni til vansæmdar.

til mannréttindanefndarinnar er endurtekning á röksemdum fyrir óbreyttri skipan, sem nefndin hefur þegar hafnað og Hæstiréttur hafði áður hafnað 1998. Það, sem ríkisstjórnin segir í svari sínu til nefndarinnar, þar sem sitja margir helztu mannréttindasérfræðingar heims, er í reyndinni þetta: Úrskurður ykkar var reistur á misskilningi, við vitum betur. Með þessu viðhorfi sýnir ríkisstjórnin mannréttindanefndinni hroka, sem engum árangri getur skilað. Ríkisstjórnin sýnir einnig Alþingi hroka og yfiringang með því að birta svarbréfið ekki fyrir en eftir þingslið. Alþingi gafst því ekki færi á að fjalla um efni bréfsins, áður en það var sent út. Málsmeðferðin er afleitt. Enn verra en málsmeðferðin er þó inntak svarsins, sem er tvíþætt. Í fyrsta lagi segir orðréttil í svarbréfi ríkisstjórnarinnar: „Að mati íslenska ríkisins standa ekki forsendur til þess að greiddar verði skaðabætur til viðkomandi kæranda, enda gæti slíkt leitt til þess að fjöldi manns gerði skaðabótakröfur á hendur ríkinu.“ Hvað er ríkisstjórnin að segja? Ef þjófur brýzt inn í mörg hús, er þá ekki hægt að krefja hann um að skila þýfinu úr fyrsta húsinu, þar eð þá myndu eigendur hinna húsanna, sem hann brauzt inn í, gera sömu kröfu? Fyrir hvaða rétti væri slík röksemdafærsla tekin gild? Þessi rök ríkisstjórnarinnar vitna

óþyrmilega skýrt um þá siðblindu, sem hefur frá öndverðu fylgt gjafakvótakerfinu eins og skuggi. Það var brotið á sjómönnum tveim, og það ber að bæta þeim skaðann samkvæmt úrskurði mannréttindanefndarinnar. Nokkrar líkur benda til, að „fjöldi manns“ muni gera áþekkar bótakröfur, rétt er það. Ríkinu ber þá einnig að virða þær kröfur. Ríkið getur ekki skotið sér undan ábyrgð sinni, úr því sem komið er. Ríkið braut af sér, virti nær allar viðvaranir að vettugi og verður nú að bæta skaðann.

Sæmdarmissir

Í öðru lagi segir í svari ríkisstjórnarinnar: „Íslenska ríkið lýsir yfir vilja sínum til að huga að lengri tíma áætlun um endurskoðun á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu eða aðlögun í átt að áliti mannréttindanefndarinnar. Ljóst er þó að slíkt gerist ekki í einu vefangi, enda hlýtur nefndin að hafa á því skilning að kerfi sem mótask hefur á áratugum er ekki hægt að umblyta á sex mánuðum.“ Í bréfinu er ekkert um það sagt, hvornig ríkisstjórnin hygðist fjarlægja mannréttindabrotalöminu, þótt stjórnin hafi haft 180 daga til að hugleidda það. Ríkisstjórnin biður um framlengdan frest um óákveðinn tíma og lætur skína í þá skoðun, að stjórn fiskveiða við Ísland útheimti enn um sinn mismunun og mannréttindabrot og ekki sé hægt að hverfa frá uppteknum hætti án þess að kollvarpa sjávarútvegnum. Hvort tveggja er rangt. Við, sem höfum frá fyrstu tíð gagnrýnt ranglætið og óhagkvæmnia í fiskveiðistjórninni, tefldum á sínum tíma fram fullbúnu lagafrumvarpi (sjá www.hi.is/-gylfason/skjalasafn.htm). Hefði Alþingi samþykkt frumvarpið, hefði þingið komið hjá mannréttindabrotum þaðan í frá og komið hjá því að kalla vansæmd yfir Ísland.

Misskilningur? Nei, hroki

Meginhluti svars ríkisstjórnarinnar

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson

ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir

FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).

FULLTRÚI RITSTJÓRAR: Páll Baldvín Baldvínsson.

VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson.

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilar sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



Pú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensinið er ódyrt þar.

www.orkan.is

ORKAN

SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!

Felur frelsið í sér mansal?

UMRÆÐAN

Sóley Tómasdóttir skrifar um mansal



SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Í Bitbeini Fréttablaðsins sunnudaginn 8. Júní tókust Svandís Svavarsdóttir og Illugi Gunnarsson á um hvað stjórnvöld gætu gert til að vinna gegn mansali. Illugi kom á óvart og viðurkenni nútíma skilgreiningar á mansali. Nokkuð sem margt samflokksfólk hans mætti taka sér til fyrirmyndar.

innihaldi sem er ólöglegt, ósæmlegt eða móðgandi fyrir móttakanda. Lagaðkvæði um ærumeiðingar og óspektir byggja einnig að stórum hluta á siðferði.

Ög hver er tengingin við siðferði? Málið snýst ekki um almenna kurteisni, snyrtimennsku eða borðsiði. Siðferði í mansalmálum snýst um að þjarga lífi og limum fórnarlamba. Mannréttindi einstaklinga eru brotin. Báð staða fólks er misnotuð, oft með ofbeldi og þvingunum, í þágu kynlífsiðnaðarins. Milljónir kvenna og barna eru svipt eiginlegu sjálfræði og seld milli landa.

Lausn Illuga á vandanum var kunnuglegri. Í anda frjálshyggjunnar telur hann það ekki vera hlutverk stjórnvalda að lögbinda siðferði og hefta þannig frelsi einstaklinga, heldur eigi samfélagslegur agi að tryggja góða hegðun fólks. Það sé ekki nóg að hegðun eða starfsemi sé ógeðfelld eða í andstöðu við það sem góður siður krefjast, heldur verði bann við því sem áður var löglegt að byggja á beinum og sönnuðum lögbrotum.

Sérfræðingar í mansalmálum hafa sýnt fram á að mansal er forsenda kynlífsiðnaðarins. Kynlífsþjónusta, hvort sem hún kallast nektardans, klám eða vændi, er oftan en ekki byggð á mansali. Sérfræðingarnir hafa bent á að afleiðingar mansals fyrir fórnarlömb þess eru störfelldar og telja nauðsynlegt að stjórnvöld beiti sér af afli gegn því.

Ég á bágt með að skilja hvornig alþingismaður getur haldið því fram að lög byggð á siðferðiskennend eigi ekki rétt á sér. Lög verða aldrei rofin úr samhengi við siðferðiskennend, enda mýmörg dæmi um beinar tilvísanir í siðferði í íslenskum lögum. Í lögum um póstpönnustu er t.a.m. tekið fram að óheimilt sé að afhenda póstrekanða sendingar með

Að halda því fram að lagasetning sem gæti spornað gegn mansali snúist aðeins um að lögbinda siðferðiskennend sýnir ekki bara virðingarleysi gagnvart sérfræðiþekkingu, heldur er slík fullyrðing hrein móðgun við fórnarlömb mansals.

Höfundur er varaborgarfulltrúi.

LAGER SALA!!

SÍÐASTI DAGUR LAGERSÖLUNNAR ER 14. JÚNÍ.
HÖFUM TEKID INN MEIRA AF FLOTTUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ!

SÓFAR FRÁ
34.900



SKEMLAR FRÁ
2.900

STAKIR
STÓLAR FRÁ
14.900

HÚSGÖGN

3ja- og 2ja sæta sófar, tungusófar, stólar, sófaborð, skemlar, og fleira



STÓLAR FRÁ
3.900

GJAFAVÖRUR FRÁ
99

GJAFAVARA

Glös, blómavasar, kertastjakar, myndarammar, speglar og fleira

HILLUR FRÁ
7.900



SJÓNVARPS-
SKÁPAR FRÁ
4.900

HÚSGÖGN

Borðstofustólar, borðstofuborð, sjónvarpskápar, hillur og fleira

LÍN DESIGN
VÖRUR FRÁ

199



LÍN DESIGN

Dúkar, munnþurrkur, rúmfatnaður og fleira

70%
AFSLÁTTUR



60%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

RAFTÆKI, LJÓS OG FLEIRA

Háfar, ofnar og helluborð, ljós og lampar, Designa innréttingarefni



★ EGG VÖRUHÚS

OPIÐ VIRKA DAGA 10 - 18
LAUGARDAG 11 - 18

EGG ER MEÐ ALLTIL AÐ
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

*Enn meiri afsláttur af útlitsgallaðri vöru og sýningareintökum. Athugið að skilaréttur er takmarkaður.

LINDIR

SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI

ÓTRÚLEGUR FJÖLDI TILBOÐA



SONY

40" LCD sjónvarp, KDL402520K. Upplausn 1366 x 768p, skerpa 1300:1, viðbragðstími 8ms og birta 450 CD/m². Innbyggður stafrænn móttakari. Tengi: 2 skart, 2 HDMI, component, tengi fyrir lofnet, RCA hljóð-útgangur, VGA tengi fyrir tölvu og tengi fyrir heymartól. Borðstandur fylgir.



PHILIPS

Myndbandstæki/DVD-spilari, DVP3350V. 6 hause VHS afspilun, DVD spilari sem spilar flest allar gerðir diska: DVD, DVD+R/RW, DVDR/RW, (S)VCD, DivX, CD, MP3-CD, CDR/RW o.fl. Tekur beint af DVD yfir á VHS.



NOKIA

NOK3120classic
3G sími. Innbyggð myndavél (2,0 Mpix, 1600x1200) með video. Tri band. Bluetooth. Allt að 3,5 tímar í tali og 290 í bið. Fjoltóna og MP3 hringitónar. 16 milljóna lita skjár. 3G stuðningur, WAP, JAVA, MMS, GPRS, EDGE og 3G. Innbyggjt útvarp, MP3 / video player. Hægt að stækka minni með micro SD korti.

3 ára ábyrgð



Electrolux

Electrolux þvottavél, EWF10049. 1000 snúninga þvottavél sem tekur 5 kg af þvotti og er með 42 lítra tromlu. Vélin er með tímastýrðri ræsingu. Stórt 30 cm hurðarop til að auðvelt sé að selja í og tæma vélina. Vélin er einföld í notkun. Stjórnborð með myndum.



BOSCH

Kaffivél, TKA1401N. Sjálfvirk 800 watta vél sem getur lagað allt að 8 bolla af 80-90°C heitu kaffi. 1L kanna með magnvarða og kaffisía á lönnum.

14.995

SONY

Stafræn myndavél, DSCS730. 7.2 milljón pixla, 3x optical aðdráttur og 6x stafrænn aðdráttur. Sony linsa með autofocus, 2,4" LCD skjár. ISO 1250 fyrir betri myndir í verri birtuskilyrðum.



OPIÐ

VIRKA DAGA 11-19 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 12-18

ELKO

OPIÐ

ALLA DAGA 11-19



3 LÁGVÖRUVERÐSVERSLANIR Á SAMA STAÐ

Í ÖLLUM VERSLUNUM



50%
afsláttur

1299 kr.
kg
Danskar grísalundir



699 kr.
kg
Goða ungnautahakk
1 kg



499 kr.
2 pk.
Þú kaupir 1 Cheerios og 1 Cocoa Puffs og greiðir aðeins 499 kr



1.490

ETIREL NAT
Sundbuxur á herra.
Litur: Bláar. Stærðir: S-XL.



3.990

ETIREL NAPALI BIKINI
Litir: Svart, grænt.
Stærðir: 36-44. (Verð áður:
buxur: 2.490, toppur : 2.690).



4.990

NIKE TRAINING RACERBACK
Sundbolur, klórþolinn. Litur: Blár.
Stærðir: S-XXL. (Verð áður 6.490).



1.990

SPEEDO GREAT WALL AQUASHORT
Sundskýla á börn. Litur: Svört.
Stærðir: 116-164.



2.690

SPEEDO SPARKLER TANKINI
Ungbarnatankini. Litur: Bleikt.
Stærðir: 86-116. (Verð áður 3.490).



2.690

NIKE GETASANDAL
Sundtöflur. Litur: Svartar.
Stærðir: 37^{1/2}-47^{1/2} (Verð áður 3.490).



1.690

ETIREL BANDELE
Ungbarnasundskýla.
Stærðir: 92-116.



1.990

ETIREL QUEENIE JRS
Barnabikini. Litur: Bleikt.
Stærðir: 128-176.

KRONAN
fyrst og fremst ódýr

OPIÐ INTERSPORT
VIRKA DAGA 11-19 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 12-18

Staðreyndir í stað stóryrða

UMRÆÐAN

Hrannar Björn Arnarsson svarar Guðna Ágústssyni

Það fór líkt og mig grunaði. Engan finnir Guðni Ágústsson raunverulegan grundvöll fyrir stóryrðum sínum og svikabrigslum vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja. Hann víðurkennir hins vegar ekki mistök sín og dregur hvorki til baka hinar röngu fullyrðingar um „svik á Ásmundarsamkomulaginu“ né stóryrðin „drottinsvik“, „hundsbit“ eða „lágkúru“ ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi. Guðni bætir bara í, virðist stappa niður fótunum um leið og hann skrifar með þjósti, en án raka: „Vist voru þeir sviknir.“

Í mínum huga er þetta mál afar einfalt hvað sem líður öllum stóryrðum. Fullyrðingar Guðna um að Ásmundarsamkomulagið hafi verið svikið með ákvörðunum núverandi ríkisstjórnar í lífeyrismálum eiga sér ekki stöd í raunveruleikanum. Hvergi í þeim texta kemur fram að þróun lífeyris almannatrygginga ætti að miðast við dagvinnutryggingu launafólks, hvað þá að eitthvert slíkt ímyndað viðmið væri ígildi kjarasamnings eins og Guðni heldur fram. Þvert á móti segir skýrt og skorinort í 14. gr. Ásmundarsamkomulagsins að ákvarðanir um endanlegar bætur lífeyrisþega í framhaldinu eigi að ráðast „af ákvæðum laga um almannatryggingar“.

Í samræmi við gildandi lög var í upphafi árs ákveðið að hækka lífeyri um 3,3% en sú prósentla var forsenda fjármálaráðuneytisins um launaþróun á árinu við gerð fjárlaga. Um áramótin fengu hins vegar umþjóðendur Alþýðusambands Íslands ekki neinar kjarasamningsbundnar hækkningar, enda var ekki fyrirbyggjandi samningur þá. Eftir að kjarasamningur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins var undirritaður voru forsendur fjármálaráðuneytisins endurreiknaðar til að tryggja lífeyrisþega sambærilegar hækkningar. Á grundvelli upplýsinga frá Alþýðusambandi Íslands og Samtaka atvinnulífsins liggur fyrir að meðaltals-hækkun lægstu launa samkvæmt nýgerðum kjarasamningi sé um það bil 7% frá 2007. Vegna þessa bætti ríkisstjórnin við 4% frá 1. febrúar.



HRANNAR BJÖRN ARNARSSON

Hagsmunasamtök lífeyrisþega hafa reyndar séð sérstaka ástæðu til að fagna breyttum tíma...

Á grundvelli laga um almannatryggingar og í samræmi við Ásmundarsamkomulagið hefur lífeyrir almannatrygginga því hækkað um 7,4% frá áramótum, á sama tíma og meðaltalshækkun lægstu launa hjá Alþýðusambandi Íslands var um 7%. Auk þessa hefur ríkisstjórnin síðan tekið ýmiss konar ákvarðanir í lífeyrismálum sem á heilu ári munu færa öldruðum og öryrkjum ríflega 5 milljarða króna til viðbótar. Um 10% þeirrar fjárhæðar má með velvilja rekja til Ásmundarsamkomulagsins, en 90% er hrein viðbót núverandi ríkisstjórnar.

Samanlagt nema þessar hækkningar á lífeyri um 9 milljörðum króna á heilu ári og jafngilda um 17% hækkun lífeyrisgreiðslna ef miðað er við árið 2007.

Staðreyndin er því sú, hvað sem líður síendurteknum rangfærslum Guðna í þessum málum, að sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið gert í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja á eins skömmum tíma og í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það virðist einnig ljóst að hagsmunasamtök aldraðra og öryrkja hugsa ekki sérstaklega hlýtt til þeirra tölva ára sem Framsóknarflokkurinn fór með lífeyrismálin í ríkisstjórn, hvað sem glýju Guðna yfir eigin árangri líður. Hagsmunasamtök lífeyrisþega hafa reyndar séð sérstaka ástæðu til að fagna breyttum tíma í ályktunum enda hafa þau átt afar gott samstarf við okkur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu í því umbótaferli í lífeyrismálum sem nú er hafið.

Guðna til heiðurs vitna ég að lokum til ályktunar sambandsstjórnarfundar Landssambands eldri borgara sem haldinn var í síðasta mánuði, en þar var fjallað um lífeyrismálin af þeim sem reynsluna hafa: „Eftir margra ára vanrækslu stjórnvalda er ljóst að það tekur tíma að móta nýjan og ég lýsi mig reiðubúinn til uppbyggilegra rök-ræðna við Guðna um málið, bæði „vanrækslu“-ár Framsóknarflokksins og hinn nýja tíma Samfylkingarinnar. Mér geðjast enda mun betur að staðreyndum en stóryrðum.

Höfundur er aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra.

Orðum fylgir ábyrgð

UMRÆÐAN

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um dómsmál



VILHJÁLMMUR HANS VILHJÁLMSOON

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um vernd tjáningarfrelsisins. Tjáningarfrelsið er þó ekki takmarkalaust þar sem Vilhjálmur H. Vilhjálmsson segir að ábyrgð sé aðalmeðferð málsins. Ljóst er að samkvæmt fyrir-liggjandi dómi er buið að kippa fótunum undan umræðu um mansal á Íslandi, sem fagaðilar stað-festa að sé til staðar. Dómurinn er aðför að málfrelsinu og móðgun við þá sem starfa við baráttuna gegn mansali, sem og fórnarlömb þess.

Í niðurstöðukafla dómsins þar sem fjallað er um sex af þeim ummælum sem krafist var ómerk-ingar á segir:

Fjallað er um alþekkt, djúpstætt vandamál sem felst í því að vegna fjárhagslegrar og félagslegrar neyðar leiðist stúlkur, sem orðið hafa fórnarlömb aðstæðna heima fyrir, til að dansa naktar á vest-rænum súlustöðum og jafnvel selja sig til víðurværis; þær séu þrælar án hlekkja. Engin framangreindra ummæla fela í sér æru-meidandi aðdróttun í garð stefnanda og verða stefndu sýknuð af kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra.

Hvernig hægt er að túlka ofan-greindan rökstuðning í dómnum sem móðgun við fórnarlömb mansals og þá sem berjast gegn mansali og með þeim hafi fótunum verið kippt undan umræðu um mansal er vandséð. Ef rýnt er í niðurstöðu dómsins verður ekki betur séð en að hér séum við komin að kjarna málsins. Annars vegar hafi í júníhefti Ísafoldar 2007 verið fjallað um mansal og skelfilegar afleiðingar þess með almennum hætti og hafi sá þáttur umfjöllunarinnar verið innan marka tjáningarfrelsisins. Hins vegar hafi í umfjöllun Ísafoldar verið dróttað að æru eiganda veit-ingahússins með því að gefa honum að sök að vera þátttakandi í glæpsamlegu athæfi sem margra ára fangelsi liggur við að íslensk-um lögum og er svívirðilegt í huga alls almennings og með því hafi blaðamennirnir farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins.

Meint aðför Héraðsdóms Reykjavíkur að málfrelsi í landinu virðist því vera fólgin í því að

dómurinn skuli leyfa sér að komast að þeirri niðurstöðu að blaðamennirnir hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins með hluta þeirra ummæla sem krafist var ómerkningar á, en telja hluta ummæla blaðamannanna innan marka tjáningarfrelsisins. Af framangreindu er ljóst að Héraðsdómur Reykjavíkur stendur traustan vörð um málfrelsi í landinu en telur það hins vegar skyldu sína að ómerkja ummæli sem fela í sér brot á lagareglum um æru-vernd.

Þrátt fyrir rúma skilgreiningu hugtaksins mansals í íslenskri refsilöggjöf hefur eigandi veitingahússins Goldfinger ekki sætt rannsókn, verið ákærður né hlotið dóm fyrir slíkt brot.

Sérfræðivitni

Í framangreindri yfirlýsingu, sem blaðamennirnir sendu fjölmiðlum í kjölfar dómsins, lýstu blaðamennirnir jafnframt furðu sinni á því að vitni sem þeir leiddu hefði verið stoppað af í frásögn sinni af Palermo-sáttmála Sameinuðu þjóðanna, við aðalmeðferð málsins:

„... dómari tekur hvorki mark á alþjóðlegum skilgreiningum á mansali, né orðum Guðrúnar Jónsdóttur, talsmanns Stígamóta, um mansal. Sem vitni fyrir dómi var hún ítrekuð stoppuð af þegar hún útskýrði hvernig alþjóðlega skilgreint mansal teggir anga sína til Íslands.“

Í íslenskum rétti er ekki gert ráð fyrir öðrum sérfræðivitnum en dómkvöddum matsmönnum. Hlutverk vitna sem koma fyrir dóm er að segja frá því sem vitnið hefur skynjað og upplifað af eigin raun og varðar atvik málsins. Vitnið sem hér um ræðir hafði aldrei komið inn á veitingahúsið Goldfinger. Vitnisburðurinn gat því ekki varðað atvik sem vitnið hafði upplifað af eigin raun. Vitnisburðurinn var því óþarfur eins og bent var á frá upphafi. Þegar vitnið hóf frásögn sína af Palermo-sáttmálum var það komið út fyrir hlutverk sitt sem vitni í málinu og inn á svið lögmanns blaðamannanna. Af þeirri ástæðu stöðvaði dómurinn framburð vitnisins.

Skilgreining á mansali

Í íslenskri refsilöggjöf er byggt á rúmri skýringu á hugtakinu mansal. Í því felst að hægt er að fella fleiri tilvik undir mansal og refsa fyrir verknaðinn heldur en mögulegt væri ef byggt væri á þröngri skilgreiningu hugtaksins. Þrátt fyrir rúma skilgreiningu hugtaksins mansals í íslenskri refsilöggjöf hefur eigandi veitingahússins Goldfinger ekki sætt rannsókn, verið ákærður né hlotið dóm fyrir slíkt brot. Engu að síður fullyrtu blaðamennirnir í umfjöllun sinni að eigandi Goldfinger væri viðriðinn mansal. Þær fullyrðingar taldi Héraðsdómur Reykjavíkur úr lausu lofti gripnar enda hefðu ekki verið færðar sönnur á þær. Þess vegna voru ummæli blaðamannanna um mansal dæmd dauð og ómerk.

Höfundur er héraðsdómslögmaður og flutti málið fyrir stefnanda í héraði.

NÝTT FRÁ CRUSER

3.995



Stærðir: 28-41

3.995



Stærðir: 28-45

3.995



Stærðir: 28-45

3.995



Stærðir: 28-41

3.995



Stærðir: 28-45

CRUSER®

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





TIL HAMINGJU ÍBÚAR Á SNÆFELLSNESI!

Orkusalan óskar sveitarfélögunum á Snæfellsnesi til hamingju með Green Globe vottun, fyrst allra sveitarfélaga í Evrópu og þau fjórðu í heiminum. Öll raforka sem notuð er á Snæfellsnesi kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Orkusalan á og rekur Rjúkandavirkjun á Snæfellsnesi.



Green Globe

Green Globe eru alþjóðleg umhverfsvottunarsamtök. Green Globe eru einu vottunarsamtökin sem votta starfsemi heilla samfélaga. Viðmið og staðlar þeirra byggja á sömu hugmyndafræði og Staðardagskrá 21 og kemur Green Globe vinna sveitarfélaganna á Snæfellsnesi því í stað Staðardagskrárvinnu þeirra. Með því að ganga inn í vottunarferli Green Globe hefur Snæfellsnes þó stigið skrefinu lengra, þar sem umhverfissvinnan er nú reglulega metin af óháðum þriðja aðila.

Sími 422 1000 | Þjónustuver 422 1020 | www.orkusalan.is

orkusalan

SPENNANDI SAMBAND






Hálfystir okkar,

Jóhanna Jónsdóttir

andaðist á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri 3. júní. Jarðarförin fer fram frá Höfðakapellu mánudaginn 16. júní kl. 13.30. Þeir sem vilja minnst hennar vinsamlegast láti dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

Guðmundur Stefánsson
Magnús Stefánsson
og aðrir vandamenn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Jónsson



SLEGIST UM FYRRÁÐARÉTT Bruce Banner og The Hulk hafa ekki mikið álit á hvor öðrum. Og í raun er ótrúlegt að þeim skuli hafa tekist að lifa í gegnum einn og sama líkamann.

sem býr innra með honum aftur til lífsins.

Hinn ótrúlegi Hulk er hugverk meistaranna Stan Lee og Jack Kirby hjá Marvel-fyrirtækinu en þetta tvíeyki á auk The Hulk heiðurinn af X-Men, Fantastic Four og The Mighty Thor. Hann leit fyrst dagsins ljós í maí árið 1962. Þá var hann reyndar grár en Lee og Kirby skiptu um lit ansi snögglega. Hann var hins vegar settur í salt aðeins sex blöðum síðar. Hulk fékk þó góða hliðarvinnu og var hluti af Fantastic Four-genginu um stundarsaker en eftir að hann birtist á móti Giant Man í Tales of Astonish fór boltinn að rulla og Hulk fékk sitt eigið blað sem kom út samfellt frá árinu 1968 til ársins 1999.

Dr. Jekyll Frankenstein

Hulk er mjög óvenjuleg myndasöguhetja. Dr. Bruce vill síður en svo eiga neitt samneyti við græna alter-egðið sitt og Hulk finnst dr. Bruce vera ótægleg kveif. Bruce á því í stöðugri innri baráttu við sjálfan sig og togstreitan virðist á köflum fara ansi langt með að gera

út af við hann, andlega og líkamlega.

Stan Lee, skapari risans, hefur aldrei farið leynit með hvers vegna hann ákvað að fara út í sköpun The Hulk. Hugmyndin hafi verið að búa til misskilda ofurhetju og hún hafi kviknað við lestur á einni frægustu skrímslasögu heims, Frankenstein eftir Mary Shelley. „Við vildum skrímli sem væri jafnframt góði gæinn,“ útskýrir Lee. En það var ekkert síður túlkun Boris Karloff á verunni ógurlegu sem varð til þess að Lee hóf að skapa The Hulk. „Mér fannst eins og hann væri ekkert vondur. Hann vildi aldrei meiða neinn en það voru bara heimskingjarnir sem espuðu hann upp og pirruðu hann,“ segir Lee.

En þrátt fyrir að höfuðverk Mary Shelley hafi kveikt neista var það annað og ekki síður þekkt verk sem rak endahnúttinn á sköpunarverkið – Dr. Jekyll og hr. Hyde eftir Robert Louis Stevenson. „Þegar ég var búinn að blanda þessu tvennu saman varð The Hulk til. Góða skrímlið og maðurinn sem er eiginlega klofinn persónuleiki.“

Stærri, reiðari og betri

Það kom mér á óvart þegar tilkynnt var að stórleikarinn Edward Norton myndi leika aðalhlutverkið í nýrri Hulk-mynd en leikstjórinn Ang Lee tæklaði persónuna í samnefndri kvikmynd frá 2003. Hulk '03 er sérkennileg ofurhetjumynd þar sem meira var fjallað um sálfræðihlið þess að vera ofurmenni en að brjóta allt og brama eins og Hulk er þekktur fyrir. Aðdáendur tóku gleði sína þegar tilkynnt var að nýja myndin væri meiri hasarmynd en sú fyrri, og það stenst svo sannarlega.

Leikstjórinn myndarinnar er í höndum Frakkans Louis Leterrier sem leikstýrði Danny the Dog og Transporter 2. Svo það komi engum á óvart er hér sama hraðvirka klippingin og myndataka sem einkenndi fyrri myndir leikstjórans. The Incredible Hulk er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum frá sjötta áratugnum frekar en Hulk '03, en í opunaratriði nýju myndarinnar er í fljótu bragði farið yfir helstu atriði (sem Hulk '03 tók heila eilífu að byggja upp), þ.e.a.s hvernig Banner varð Hulk og hans samband við Betty Ross og föður hennar. Handrit myndarinnar er skrifað af Zak Penn, sem skrifaði m.a. X2 (X-Men 2), og Norton, sem hefur meira og minna tekið myndina upp á sína arma. Has-



HULK Edward Norton í hlutverki sínu.

aratriði eru stór og skemmtileg og jafnvægið milli þeirra og vandaðra samtala er gott.

Norton er að vanda þrægð og þá sérstaklega í fyrri hluta myndarinnar þegar hann er sjúklega tortrygginn og á flóttu undan sérsvettum hershöfðingjans, sem leikinn er af William Hurt. Ekki er gefið mikið innslæi í samband hans við Betty Ross, sem leikin er af Liv Tyler, en því litla sem sýnt er í byrjun myndarinnar er vel komið til skila. Tim Roth leikur skúr myndarinnar og er hann einstaklega andstygilegur sem sérsvaitarmaðurinn Blonsky, en hann kemur ekki raunverulega fram sem erkifjandi fyrir en í síðasta þriðjungi myndarinnar. Roth

KVIKMYNDIR

The Incredible Hulk

Leikstjórinn: Louis Leterrier. Aðalhlutverk: Edward Norton, William Hurt, Tim Roth, Liv Tyler.

★★★★

Edward Norton bætir upp vonbrigðin við fyrri Hulk-myndina. Flott saga, mikill hasar og góður leikur.

leysir vitaskuld hlutverkið vel af hendi. Gestaleikarar hjá hinum upprunalega Hulk, Lou Ferrigno, Stan Lee og ónefnd stjarna, koma skemmtilega á óvart. Þess má einnig geta að Ferrigno talar fyrir Hulk í kvikmyndinni.

Rétt eins og Iron Man reynist The Incredible Hulk, nýjasta framleiðsla teiknimyndaútgefandans Marvel, vera hin besta sumarskemmtun. Þeim aðdáendum sem fannst þeir hafa verið sviknir af fyrri myndinni ættu svo sannarlega að gefa þessari tækifæri. Norton nýtur sín afar vel í titilhlutverkinu og hasaratriðin eru stórgóð svo það má segja að Hulk hafi snúið aftur stærri, reiðari og betri en nokkru sinni áður.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

NÝJASTI SPENNUTRYLLIRINN FRÁ LEIKSTJÓRA

THE SIXTH SENSE MEÐ MARK WAHLBERG Í FANTAFORMI!

HEIMSRUMSÝND 11. JÚNÍ

SENDU SMS JA VHP

Á NÚMERIÐ 1900!

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir og margt fleira!

9. JÚNÍ

SMITH LEIKUR

BÍÓMIÐI

Vinningar verða afhendir hjá BF Smíðalind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb. 59 kr áskvæði.

BONUS BONUS BONUS BONUS

HEIMATILBÚIN PIZZA!

ALVEG EINS OG ÞÚ VILT HAFA HANA



HÉR ER ALLT SEM ÞU PARFT Í PIZZUNA!



249

Ferskt pizzadeig 400g
249 kr.



698

Nautaveisluferskt nautahakk
698 kr./kg.



98

Hunts tómatar í dós tvær teg
400g 98 kr.



159

Contadina pizzusósa 420g
159 kr.



219

OS pizzaostur 200g
219 kr.



**40%
AFSLÁTTUR**

Íslandsálegg pepperoni
1668 kr./kg. MERKT VERÐ 2779 KR./KG.



**40%
AFSLÁTTUR**

Íslandsálegg spægipylsa
1619 kr./kg. MERKT VERÐ 2698 KR./KG.



**40%
AFSLÁTTUR**

Íslandsálegg lúxusskinka
1739 kr./kg. MERKT VERÐ 2898 KR./KG.



**40%
AFSLÁTTUR**

Sparigrís bacon
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.


Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

BAKAÐU ÞÍNA PIZZU HEIMA!

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

➤ Kaupu notaðan bíl hjá Brimborg í dag



Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á einka- eða rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á notuðum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin á notuðum bílum sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á notuðum bílum hjá Brimborg.

Nýtt í notuð bílnum

Nýjung í notuðum

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Bílafrelsi Brimborgar

12-24

Einka- eða rekstrarleiga.

Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 36.400 kr. á mánuði.

2,0i 145 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer RU314. Skrd. 12/2006. Ek. 12.000 km
Ásett verð: 2.250.000 kr.* Tilboð: 1.790.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 36.400 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðsl. eru
vaxta- og lántökukostn. 318.180 kr.

Ford Mondeo Ghia



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 34.600 kr. á mánuði.

2,0i 145 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer RU237. Skrd. 12/2006. Ek. 15.000 km
Ásett verð: 2.350.000 kr.* Tilboð: 1.740.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 34.600 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl. eru
vaxta- og lántökukostn. 311.697 kr.

Ford C-MAX Trend



Fjöldi annara bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

Í dag Nú geturðu
notið bílafrelsis
í notuðum bílum!

**um. Þú getur skilað
eftir 12 mánuði!**

**Bensínverðvernd
Brimborgar**



Nýjung. Bensínverðvernd
Brimborgar: tryggir þér
1.500 lítra af bensíni á
99 krónur.



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 34.900 kr. á mánuði.

1,6i 110 hö 147 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer UJ 300. Skrd. 12/2006. Ek. 13.000 km
Ásett verð: 2.060.000 kr.* Tilboð: 1.700.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 34.900 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl.
er lántökukostn. 299.264 kr.

Citroën C4 SX



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 32.300 kr. á mánuði.

3,0i 200 hö 261 Nm bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer VZ302. Skrd. 06/2006. Ek. 66.000 km
Ásett verð: 2.560.000 kr.* Tilboð: 2.050.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 32.300 kr. á mánuði
í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl.
er lántökukostn. 385.900 kr.

Ford Escape XLT AWD



Komdu í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma.
Skoðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir
þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn
þinn. Við gerum næstum allt fyrir þig.



Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu
nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is
og sannreynðu tilboð dagsins í dag.
Komdu í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> Jarðarber...

...eru í miklu uppáhaldi hjá mörgum yfir sumarmánuðina. Þau þurfa þó ekki að einskorðast við eftirrétti og ávaxtabakka. Prófaðu að bæta jarðarberjum út í salatið þitt. Þau fara til dæmis mjög vel með klettasalati og balsamediki.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN FRÍÐRIK FRÍÐRIKSSON LEIKARI

Finnst róandi að elda

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Svona „comfort“-matar eða huggunarfæðis. Ef ég ætla að vera góður við sjálfan mig eru það til dæmis bbq-kjúklingavængir, hamburgari eða steik með bernaïse-sósu.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Ég er alltaf að borða einhvern góðan mat, en það sem var svona alveg sérstakt var óvissuferð í Sjávarkjallarann. Það var alveg einstaklega gott. Heil máltíð með öllu, alveg súper.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Íslenskur súrmatur og allt sem er framreitt á þorranum, nema harðfiskur og hangikjöt. Matur á að líta vel út, vera litríkur og lykta vel, en súrmatur er andstæðan við það, grár, illa lyktandi og segir „ekki borða mig“.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ég uppgötvaði sítrónubörk um daginn, sem er einstaklega skemmtilegur í matreiðslu. Svo er það bara gott hráefni sem skiptir máli.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Ég er duglegur að elda og prófa eitthvað nýtt. Ég elda oft til að róa mig og hafa tíma fyrir sjálfan mig, svo það er mitt ráð.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ost, sultu og smjör fyrir morgunmatinn. Annars á ég alltaf nóg af hvítlauk, engifer, chili, lime, kartöflum og rótargrænmeti.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Það fer eftir því hvað ég á að vera lengi. Ef ég ætti að vera mjög lengi tæki ég nóg af hrísgrjónum því þau taka lítið pláss og það verður mikið úr þeim. Annars myndi það vera lambalæri með öllu til að fullnægja minni matarþörf.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Einhver skordýr þegar ég var lítill, orma og svoleiðis, en það skrítnasta myndi vera þorramaturinn. Hann er skrítnasti matur í heimi og ætti að vera kynntur sem slíkur.



Jerk-kjúklingur

Ekki hefur farið mikið fyrir karabískri matarhefð hér á landi hingað til. Þeir sem vilja prófa sig áfram í suðrænum réttum geta spreytt sig á kryddblöndunni Jamaican jerk, sem þykir afburðagóð. Blandan er til í ótal útgáfum, en flestar innihalda þær þó scotch bonnet-píparinn, timjan og allspice, eða allrahandakrydd. Allrahandan er ekki kryddblanda, eins og margir halda, heldur þurrkuð og möluð ber plöntunnar Pimenta dioica, sem vex einmitt á eyjunum í Karíbahafinu. Erfitt getur reynst að koma höndum yfir berin sjálf hér á landi, en kryddið ætti að duga langt. Scotch bonnet-chilipípar er í hópi þeirra bragðmestu sem fyrirfinnast. Hann er skyldur habanero-pípar, sem má nota í hallæri, en bragðast þó töluvert öðruvísi.

Jerk-kryddblandan er góð á kjúkling, svinakjöt og nautakjöt. Uppskriftina að jerk-kjúklingi er að finna á síðunni about.com. Afgangurinn geymist vel í loftþéttu fláti í ísskáp.

½ bolli allrahandan
½ bolli púðursykur
6-8 hvítlauksgeirar
4-6 stk. scotch bonnet-chilipípar



BRAGÐ AF JAMAÍKU Bragðsterka Jamaican jerk-kryddblandan er vinsæl í karabískra hafinu og hentar afburða vel á grillaðan kjúkling. NORDICPHOTOS/GETTY

2 msk. timjanlauf
2 búnt vorlaurur
1 tsk. kanill
½ tsk. múskat
salt og pípar eftir smekk
2 msk. sojasósa

Fjarlægjið frá og hvítu himnuna úr chilipíparnum til að búa til bragðmildari blöndu. Setjið allt í matvinnsluvélinni og maukið.

Nuddið kjötið með kryddblöndunni. Ef um kjúkling er að ræða er gott að nudda henni undir skinnið. Látið standa yfir nótt áður en kjötið er grillað.

Grillaðir bananar

Grillveislurnar eru í algleymingi þessa dagana og lyktin af kveikivökva svífur yfir vötnum um allt landið. Það er óþarfi að leyfa grillinu að lofnast út af þegar aðalrétturnar eru tilbúnnar, og um að gera að skella eftirrétturnum líka yfir kolin.

Grillaðir bananar eru oftast ekki í samkrulli við bráðið súkkulaði hér á landi, en það má bera þá fram á annan hátt. Þessa uppskrift er að finna á uppskriftavefnunum Recipezaar.com. Reiknið með einum banana á mann.

1 banani
1 msk. brætt smjör



GRILLAÐUR EFTIRRÉTTUR Grillaðir bananar með kanil, múskat og cayennepípar eru skemmtileg tilbreyting við eftirrétti sumarsins. NORDICPHOTOS/GETTY

þar til bananinn er heitur í gegn. Berið fram með ís. Þeir sem hætta á það geta einnig flambærað bananann í rommi.

Eiðanemar

Nú er komið að því sem allir hafa talað um.

Ball á Borginni föstudaginn 13.júní!

Nemendur allra árganga og makar þeirra velkomnir.

Nánari upplýsingar er að finna á eidaball2008.blog.is

Hrifin af franskri matarhefð

Leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir er mikið fyrir franska matargerð og vill helst fá hollan mat. Hún gefur uppskrift að frönsku sumarsalati.

„Ég er mjög hrifin af Frakklandi og franskri matarhefð,“ segir Vigdís Hrefna. „Ég hef dvalið talsvert þar, var au-pair þar og fór svo í nám þangað líka,“ útskýrir Vigdís, sem er einmitt á leið í sumarfrí í suðurhluta Frakklands með fjölskyldu sinni. Sumarsalatið sem hún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að í þetta skiptið er nokkurs konar tilbrigði við hið víðfræga Niçoise-salat. „Uppskriftin er úr franskri kokkabók sem ég keypti einhvern tíma á útsölu í Bókabúð Steinars og hef notað mikið síðan,“ útskýrir Vigdís.

Hún leggur annars áherslu á að elda og borða hollan og góðan mat. „Ég reyni að kaupa lífrænar matvörur, og borða mikið af fiski, grænmeti og ávöxtum. Hins vegar er góður hamburgari líka alltaf finna svona inni á milli,“ segir hún og brosir.

Þar fyrir utan kveðst Vigdís reyna að versla sem mest við þær litlu sérverslanir sem helst er að finna í miðbænum, en hún er sjálf búsett á Óðinsgötu. „Fiskbúðin á Freyjugötunni er til dæmis alveg frábær, og líka Ostabúðin og Yggdrasil,“ segir Vigdís, sem þykir það synd að sérverslanir séu ekki í meiri blóma hér á landi. „Kannski er þessi hluti menningarinnar samt að koma aftur. Ég held að fólk sé orðið þreytt á að fara alltaf í stórmarkaði. Þar fær maður ekki almennilega ráðgjöf, ekki sérþekkinguna sem er til staðar í hinum verslunum,“ segir hún. Vigdís hefur farið með hlutverk Rósu Bjarkar í sýningunni Ástin er diskó, lífið er þögn í Þjóðleikhúsinu í vor, en síðasta sýningin á



LÉTT OG GOTT Vigdís Hrefna Pálsdóttir notar sem mest af lífrænum matvörum og er hrifin af léttnum og ferskum mat, á borð við franska sumarsalatið. FRÉTTABLAÐIÐ/VOA

þessu leikári er nú á laugardag. Í haust biða hennar hins vegar fleiri skemmtileg verkefni í leikhúsinu. „Þá ætlum við að halda áfram með vinnu sem við byrjuðum á í vor, með Macbeth. Það er mjög skemmtilegt mótvægi við Ástin er diskó,“ segir Vigdís kímín. „Svo verð ég í jólasýning-

unni líka, Sumarljós, og svo kemur nóttin, eftir bók Jóns Kalmans Stefánssonar. Hann er ótrúlega flinkur og þetta er frábær bók,“ segir Vigdís. „Svo nú er bara gott að komast út til Frakklands og endurnæra sig svolítið,“ bætir hún við.

sunna@frettabladid.is

FRANSKT SUMARSALAT

500 g nýjar litlar kartöflur ólívuolia
250 g kirsuberjatómatar
200 g haricot-baunir
200 g túnfiskur í dós
4 ansjósúr, skornar endilangar í mjóar ræmur
stórt búnt af basil
Salatsósa:
2 skallottulaukar, fint skornir
3 msk. hvítvinsedik
2 msk. grófkorna sinnep
sjávarsalt
nýmaladur svartur pípar
7 msk. jómfúrárólívuolia

Sjóðið kartöflurnar í hýðinu í 20 mínútur. Hituð ofninn í 200 °C. Smyrjið eldfast mót með ólívuolíu og bakið tómataana í 10 mín. Setjið allt sem á að fara í salatsósuna, nema olíuna, í krukku með loki og hristið vel, bætið síðan olíunni við og hristið aftur. Skerið kartöflurnar í tvennt, setjið í salatskál og blandið dressingunni saman við. Skellið bauninum í sjóðandi vatni í 2 mín. og setjið síðan saman við kartöflurnar og túnfiskinn, ansjósurnar og tómataana líka. Rifið basilíu yfir salatið og berið fram „med det samme“ með heitu brauði.

Fjölskylduvænt á Lystinni

Veitingastaðurinn Lystin var opnaður nýverið á Laugavegi, þar sem fersku hráefni og heimilislegri stemningu er gert hátt undir höfði. „Við erum til dæmis með heimagera pasta bæði í hádeginu og á kvöldin og fáum ferskan fisk á hverjum morgni. Ef hann klárast er hann bara búinn, því við kaupum ekkert frosið,“ útskýrir Jón Óskar Fríðriksson, sem á og rekur staðinn ásamt konu sinni, Dagbjörtu. „Þetta er mjög heimilislegt hjá okkur, og við erum fjölskylduvænn staður,“ segir hann.

Maturinn sem þar er á borð borinn er blanda af því besta úr íslensku, frönsku og asísku eldhúsi, að sögn Jóns Óskars. „Við erum með tvo erlenda kokka sem hafa unnið bæði í Asíu og í Englandi og blanda þessu saman,“ útskýrir hann. „Við erum hins vegar ekki með neitt djúpsteikt á matseðlinum. Við leggjum frekar áherslu á að hafa matinn ferskan og heilsusamlegan.“

Þar að auki býður Lystin viðskiptavinum sínum upp á að kaupa allt það vín sem í boði er í glösum. „Við viljum að fólk geti fengið skemmtilegt vín í glasi með matnum sínum, án þess að þurfa að borga morðfjár fyrir það,“ segir Jón Óskar. Þá er einnig boðið upp á svokallað Wine flight, þar sem gestir fá kynningu á fjórum vínum. „Það geta annað hvort verið hvít- eða rauðvín, eða blandaður listi. Ég get



FJÖLSKYLDUFRAMTAK Jón Óskar og kona hans, Dagbjört, opnuðu nýverið veitingastaðinn Lystina á Laugavegi. Ivan Dasko er yfirmatreiðslumaður þar. FRÉTTABLAÐIÐ/WALL

jafnvel valið vín eftir því hvað fólk pantar sér að borða og kokkarnir eru heldur ekki feimnir við að búa til seðla fyrir fólk. Við gerum líka töluvert af svona „tasting menus“,“ segir hann.

Í bakgarði Lystarinnar er stórt útisvæði, þar sem gestir geta notið sólarinnar. „Svo er tjaldað yfir helminginn af garðinum, þannig að við erum með fínasta reyksvæði,“ bendir Jón Óskar á.

Lystin er til húsa að Laugavegi 73.

- sun



vörurnar fást í Bónus!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Gleðilega þjóðhátíð!

**Einiberjakryddað
lúxus lambalæri**
frá Kjarnafæði

1.199 kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg



**Höldum áfram
fram yfir 17. júní**



Kofareykt hangilæri,
úrbeinað
frá Kjarnafæði.

1.889 kr./kg.

Merkt verð 2.699 kr./kg.



**Hafðu það þjóðlegt
17. júní!**

**Grill lamba-
frampartssn.**
frá Kjarnafæði.

969 kr./kg.

Merkt verð 1.292 kr./kg.



Heimilispylsur
frá Kjarnafæði.

476 kr./kg.

Merkt verð 635 kr./kg.



**Reyktar BBQ-
grísakótilettur**
frá Kjarnafæði.

1.189 kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg.



BONUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

> NÆRFÖT FRÁ JESSICU

Jessica Simpson mun senda frá sér nærfatalínu á næstunni. Þar með verður hún nánast komin með meiri umsvif í tískuheiminum en tónlistargeiranum, en hún hefur nú þegar lagt nafn sitt við töskur, sólgleraugu, skó og sundföt. Línan mun innihalda kynþokkafull nærföt og líka stelpuleg, að sögn söngkonunnar.



fólk

folk@frettabladid.is

Halldór Laxness á Facebook

Halldór Laxness er kominn á Facebook. Hann var skráður á þetta vinsæla vefsvæði þann 30. maí síðastliðinn. Þar er hægt að lesa stutt æviágrip og sjá fjórar myndir af Halldóri. Ef marka má síðuna þá er það Kanadabúi að nafni Gio Shanger sem stofnaði hana.

Skáldið nýtur mikilla vinsælda á Facebook og hefur þegar eignast 216 aðdáendur á vefsvæðinu á aðeins ellefu dögum. Og þeim fjólgar ört með hverri klukkustund. Hann nær þó ekki sjónvarpskokkunum Nigellu

Lawson, hún á tæplega þúsund aðdáendur á Facebook.

Meðal þeirra sem hylla Halldór á Facebook eru borgarfulltrúinn Svandís Svavarsdóttir, rithöfundurinn Hallgrímur Helgason, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnastjóri Viðeyjar og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leikkona og rithöfundur.

Vefsíðan hefur lítil tengsl við Gljúfrastein, safnið í Mosfellssveit sem tileinkað er skáldinu.

Guðný Halldórsdóttir, dóttir skáldsins, hafði ekki séð Facebook-síðuna, en fannst þetta bara hið besta mál. „Hann hefði eflaust átt að



HALLDÓR MEÐ FACEBOOK Kanadabúi að nafni Gio Shanger hefur stofnað Facebook-síðu Halldóri Laxness til dýrðar.

fara inn á netið fyrir fimmtíu árum,” segir Guðný sem taldi það þrýðilega hugmynd að setja kannski Gljúfrastein inn á Facebook til kynningar, í ljósi vinsælda vefsíðunnar.

-fgg

Gervais í upptökum á eigin kvikmynd

Nýlega hófust tölur á fyrstu kvikmyndinni sem Ricky Gervais, aðalkarlinn í The Office, leikstýrir og skrifar handritið að. Í henni leikur hann handritshöfundur í heimi þar sem enginn hefur logið og enginn skáldskapur er til.

Persóna Rickys verður fyrst til að finna upp á því að skálda með ófyrirséðum afleiðingum. Myndin kemur ekki fyrir almennings-sjónir fyrr en á næsta ári en meðal þeirra sem leika með Ricky í henni eru Jason Bateman, Jennifer Garner, Rob Lowe og Tina Fey.

Ricky mun þó sjást fyrr á hvíta tjaldinu því hann leikur eitt aðalhlutverk í grínmyndinni Ghost Town sem tekin verður til sýninga í haust.



LEIKSTÝRIR EIGIN MYND Ricky Gervais gerir mynd um handritshöfund.

Glæsileg og glyðruleg tíska

Hjónin Helgi Þórsson og Beate Stormo blása til viðburðarins Tísku og tónlistar í Eyjafirði á föstudag. Þar fer fram tískusýning með fatnaði sem þau hafa setið við sauma á síðustu mánuði, auk þess sem Helgi og hljóðfæraleikararnir, með umræddan Helga fremstan í flokki, stíga á svið.



TÍSKA OG TÓNLIST Hjónin Helgi Þórsson og Beate Stormo halda viðburðinn Tísku og tónlist í Vaðlareit á föstudag, en þau hafa í sameiningu hannað þann fatnað sem þar verður sýndur.

og heimasætur, skiptist að sögn Helga í tvo flokka. „Þau eru annað hvort glæsileg eða glyðruleg. Stundum er það nærri því að fara saman, en í sannleika sagt er glyðrulega hönnunin frekar frá mér komin. Þau eru gjarnan gólfsíð, pilsin hjá Beate,” segir Helgi, sem kveðst hafa fulla trú á að markað fyrir fatnaðinn sé að finna í Eyjafirði. „Já, já, hér er nóg af bæði glyðrum og glæsikonum,” segir hann og hlær við. Tónlist og tíska mun eiga sér stað í Vaðlareit, skógi í fjörunni gegnt Akureyri, á föstudag, og hefst klukkan 20.30. Bílastæði verður að finna í syðst í skóginum, og verður sérmerkt gönguleið á áfangastað. Miðaverð er eitt þúsund krónur fyrir fullorðna.

sunna@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50



MENNINGARSJÓÐUR GLITNIS STYRKIR UNGT TÓNLISTARFÓLK

Við minnum á að umsóknarfræstur fyrir ungt tónlistarfólk rennur út á morgun, 13. júní. Ekki verður tekið tillit til umsókna sem berast eftir að umsóknarfræstur rennur út. Umsóknum skal skila til Menningarsjóðs Glitnis, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Reglur og nánari upplýsingar um styrkina er hægt að nálgast í móttöku Glitnis á Kirkjusandi 2 eða á www.glitnir.is/tonlistarfolk

GLITNIR

Heimsklassakabarett

„Þetta var óverðskuldaður heiður. Við vorum þarna á forsiðunni á fölskum forsendum. Sem er magnað þegar það er haft í huga að menn hafa líklega ekki nema eitt tækifæri á ævinni til að komast á forsiðu Moggans,” segir Lísa Pálsdóttir útvarpsmaður, leik- og söngkona með meiru.

Fyrsta forsiða Ólafs Stephensen, nýs Moggaritstjóra, þar sem gat að líta mynd af krú sem sat á svanshöfði, vakti mikla athygli. Láðist að geta þess að svanurinn var úr plasti og því ekki um eins mikla heimskfrétt að ræða og efni stóðu til. Og næsta forsiða var einnig misvísandi því þar birtist mynd af hinum einstæða áhugamannaleikhópi Peðinu en því haldið fram að þar færi Hala-leikhópurinn góði.

Lísa segist ekki hafa neinar sérstakar skýringar á þessu en Peðið, sem er einn fárra leikhópa í heimi sem starfa á bar, sýnir um þessar mundir Skeifu Ingibjargar á Grand Rokki. „Þetta var eitthvað ritstjórnarklúður. Því ekki var stafur



LÍSA PÁLSDÓTTIR Stjórnar Peðinu sem komst óverðskuldað á forsiðu Morgunblaðsins fyrir skömmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um Hala-leikhópin í blaðinu. Þetta var fyndið... þeir sendu ljósmyndara á verðlaunásýningu Hala-leikhópsins en fengu barleikhús í staðinn,” segir Lísa og segir leikarana hafa tekið þessu létt. Og bætir því við að aðeins séu þrjár sýningar eftir af Skeifunni, ein í kvöld, föstudagskvöld og eftirmiddagssýning á laugardag. „Berlínarkabarett í heimsklassa,” segir Lísa.

-jbg

B|A|S|L|E|R

Loksins á Íslandi!

*Þann 8. mars var opnuð í Skipholti 29b
Basler kvenfataverslun með þýskri gæðavöru
fyrir konur á öllum aldri.*

Sumarútsalan

er hafin

*Ótrúleg verð á klassískum
gæðavörum*



B|A|S|L|E|R - Skipholt 29b - 5510770 - parisartizkan@vortex.is

Nostalgía með afa Breiðdal

Ég var of ungur til þess að sjá Whitesnake í Reiðhöllinni fyrir átján árum. Nauðaði í mömmu en fékk ekki að fara. Það voru mér gríðarleg vonbrigði. Ætlaði þar af leiðandi alls ekki að missa af tónleikunum að þessu sinni.

Það var vel við hæfi að hin unga glyssroksveit Sign skyldi hita upp. Strákar sem eru augljóslega undir miklum áhrifum sveita á borð við Whitesnake. Þeir kunna þess utan alla taktana. Skiptir ekki máli hvort um sé að ræða „slummur“ upp í loftið eða flösubeyting að hætti Jasons Newsted. Ragnar Zolberg er svo eins og ungur Sebastian Bach. Þeir stóðu sig frábærlega og það eina sem vantaði var að Zolberg færi úr að ofan.

Salurinn var því vel heitur þegar David Coverdale, eða Davíð Breiðdal eins og hann er oft kallaður, steig á svið. Það var magnað að sjá Coverdale, sem er að verða 57 ára og afi tveggja barna, í gallabuxum og vel fleginni skyrtu. Enn með sitt blásið hár og vel klipptan topp



TÓNLEIKAR

Whitesnake

Laugardalshöll 10. júní.

★★★★★

David Coverdale sýndi að hann hefur engu gleymt þó svo hann sé farinn að líkjast Alice Cooper. Whitesnake bauð upp á alvöru, gamaldagsglyssroktónleika og áhorfendur fengu nákvæmlega það sem þeir vildu fá.

sem er algjört lykilatriði í góðu glyssrokki. Þess utan vel strekktur í framan sem hefur skilað því að hann er farinn að líkjast Alice Cooper ískyggilega mikið.

Drátt fyrir þá döpru staðreynd var ekki hægt að kvarta yfir frammistöðu kappans. Hann lék á als oddi og hefur engu gleymt. Kraftur í röddinni, fór listavel með stöngina, var duglegur að tala við salinn og skála við hann í íslenskum bjór. Hélt athygli áhorfenda allan tímann og gaf af sér.

Breiðdal og félagar blönduðu smekklega saman nýjum og gömlum lögum. Var vel tekið undir í frægustu slögurum sveitarinnar.

Tónleikarnir voru alvöru gamaldags glyssroktónleikar því boðið var upp á hetjugítarsólókeppni og síðar langt trommusóló þegar afi Breiðdal þurfti að ná andanum baksviðs. Það kunnu áhorfendur vel að meta.

Sveitin var þétt, aukaleikararnir traustir og kunnu alla taktana upp á tíu. Þetta var frábær skemmtun og áhorfendur fengu nákvæmlega það sem þeir vildu fá og héldu glaðir heim á leið.

Henry Birgir Gunnarsson

Strákarnir í Sign gáfu Whitesnake ekkert eftir í rokklátunum.



David Coverdale, söngvari Whitesnake, virtist engu hafa gleymt þrátt fyrir að vera kominn fast að sextugu. Whitesnake stóð vel fyrir sínu í Höllinni á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVEITT ROKK Í HÖLLINNI

Rokksveitin Whitesnake lék á tónleikum í Laugardalshöll á þriðjudagskvöld. Ungir sem aldnir aðdáendur voru samankomnir og skemmtu sér vel. Whitesnake hélt eftirminnilega tónleika á Íslandi fyrir átján árum og því var biðin orðin löng eftir endurkomu sveitarinnar, að minnsta kosti fyrir hörðustu aðdáendur hennar. David Coverdale söngvari og félagar hans sviku heldur engan með frammistöðu sinni á þriðjudagskvöldið, svitinn lak af hverjum gesti í Höllinni. Ragnar Sólberg og félagar í Sign hituðu upp og stóðu vel fyrir sínu.



Tóbías Ingvarsson og Ingvar Þórðarson. Augljóst er að drengurinn er upprennandi rokkari.



Ari Harðarson og Ragnar Róbertsson voru að sjálfsögðu klæddir í leður af þessu tilefni.



Sóldís Lilja Benjamínsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir ætluðu svo sannarlega ekki að missa af Whitesnake.

STRANDDAGAR
Í TOPSHOP

20% AFSLÁTTUR
AF SUNDFÖTUM OG
STRANDFATNAÐI
FRÁ FIMMTUDEGI - SUNNUDAGS

TOPSHOP

SMÁRALIND OG KRINGLUNNI



Þú mátt vera lengur úti í 66°Norður.



Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind, Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerágata 32
Keflavík: Airport and retailers accross Iceland

www.66north.is

Klæddu þig vel



Sérsending

Tilboðsverð á Utah **1.890.000 kr.**
Aðeins 10 stk., ekki missa af þessu!




90%
FJÁRMÖGNUN

Vorum að fá nokkur Santa Fe- og Utah-fellihýsi frá Fleetwood á sérlega hagstæðu verði ásamt aukahlutapakka í kaupbæti. Fellihýsið er afgreitt strax og tilbúið í ferðalagið – þú bara hengir það aftan í bílinn.

FLEETWOOD

12 fet



KASKÓ-TRYGGING
í eitt ár

Aukahlutapakki fylgir!

Sólarsella, þakskyggni, vifta með ljósi og kaskótrygging í eitt ár
Heildarverðmæti **220.975 kr.**

Staðalbúnaður

- Saumlaust Filon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steypu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm

- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínlyhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflípum
- Gagnsæir vínlygluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínlyhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði

- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Föðruð tjöld fyrir gluggum og rúmmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett

Aðrar upplýsingar

- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Stærð opinn (lxb) 765x358 cm
- Stærð lokaður (lxb) 584x226 cm
- Lengd kassa 12 fet
- Eigin þyngd 1198 kg
- Heildarþyngd 1587 kg


Á sérkjörum!

Tilboðsverð á Santa Fe **1.490.000 kr.**
Aðeins 10 stk., ekki missa af þessu!



90%
FJÁRMÖGNUN

10 fet



**KASKÓ-
TRYGGING**
í eitt ár

Aukahlutapakki fylgir!

Sólarsella, þakskyggni, vífta með ljósi og kaskótrygging í eitt ár
Heildarverðmæti **214.225 kr.**

Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótblonar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínlyhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflípum
- Gagnsæir vínlygluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínlyhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískapur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmunum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

Aðrar upplýsingar

- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Heildarlengd 508 cm (10 fet)
- Heildarbreidd 226 cm
- Hæð að innan 203 cm
- Eigin þyngd 805 kg
- Heildarþyngd 1356 kg

Velja verstu leiksýningu ársins

Leiklistarnemendur og aðrir áhugamenn um leiklist vinna að því að halda Grímuverðlaunapartí þar sem veðjað er á verðlaunahafa. „Í fyrra vorum við með kosningalista þar sem fólk merkti við fyrirfram. Svo horfðum við á afhendinguna í sjónvarpinu. Loks vannur sá sem er næst því að hafa allt rétt. Þetta gerir afhendinguna mjög spennandi.“ sagði Hannes Óli Agústson, leiklistarnemi við Listaháskólann.

Til nýbreytni er fyrirhugað að gestir velji einnig verstu leikhúsupplifun seinasta leikárs, Grybbuna svokölluðu. Hugmyndina, segir Hannes, vera sprottna út frá bandarísku Razzie-verðlaununum eða The Golden Raspberry. Þau eru veitt í kringum Óskarsverðlauna-

athöfnina. Veitt er fyrir verstu mynd ársins, versta leik og fleira í anda Óskarsverðlaunanna.

Grybban er með talsvert óformlegra sniði. Enginn gripur er til afhendingar, enda ekki fyrirhugað að veita verðlaunin, heldur eru þau meira til gamans. Hvernig Grybban er útnefnd er svo enn í mótun hjá leiklistarnemum, en líklega virtur sýning Grybbuna sem hlýtur flestar tilnefningar gesta. „Ætli hver og einn tilnefni ekki tvær;“ sagði Hannes. Vinningshafi veðmálsins seinasta ár var Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir. „Ég bara fór eftir tilfinningu og var heppin,“ segir hún.

Grímuverðlaunin verða afhent á föstudagskvöld og er sjónvarpað frá Þjóðleikhúsinu kl. 20.55. - kbs



VEÐJAÐ Á VERÐLAUNAHAFNA Leiklistarnemar spá í grímuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

SAMBIO.is

HEIMSRUMSÝNING á mögnuðum spennutrylli frá leikstjóra The Sixth Sense og Signs

Frábær mynd með Edward Norton í hlutverki Hulk í einni flottustu hasarmynd sumarsins.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING
heldur biögustum í heljargreipum frá byrjun til enda!

ALFABAKKA

THE INCREDIBLE HULK	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
SPEED RACER	kl. 5:30 - 8:30	L
THE FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
INDIANA JONES 4	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
IRON MAN	kl. 5:30 - 8	12
NEVER BACK DOWN	kl. 10:30	14

KRINGLUNNI

THE HAPPENING	kl. 6 - 8 - 10:10	16
SPEED RACER	kl. 5:0 - 8 - 10:50	L
SEX AND THE CITY	kl. 5 - 8 - 10:50	14

SELFÖSS

THE INCREDIBLE HULK	kl. 8 - 10:30	12
SEX AND THE CITY	kl. 8 - 10:50	14

AKUREYRI

PROM NIGHT	kl. 8 - 10	16
SPEED RACER	kl. 8	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 10:20	16

KEFLAVÍK

THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
ZOHAN	kl. 8 - 10:20	10

SAMBIO.is

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING Á MÖGNUM SPENNUSTRYLLI FRÁ LEIKSTJÓRA THE SIXTH SENSE OG SIGNS SEM HELDUR BIÖGUSTUM Í HELJARGREIPUM FRÁ BYRJUN TIL ENDA!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING

PAUFREMJA HÍÐ FULLKOMNA GIMSTEINARÁN... EN EKKI FER ALLT EINS OG PLANÁÐ VARI!

MICHAEL CAINE DEMI MOORE
FLAWLESS

HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

ADAM SANDLER
ZOHAN

STJÓRNUNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTAJALDI

SEX AND THE CITY

FRÁBÆR SPENNUMYND!

INDIANA JONES 4

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON Í HLUVERKI HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 5:30 D - 8 D - 10:30 D	12
THE HAPPENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE HAPPENING LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
INDIANA JONES 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
HORTON	kl. 4 ISLENSKT TAL	
BUBBI BYGGIR Í VILLA VESTRINU	kl. 4 ISLENSKT TAL	

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

THE HAPPENING	kl. 6 - 8:30 - 10:30	16
ZOHAN	kl. 6 - 8:30 - 11	10
SEX AND THE CITY	kl. 5 - 8 - 11	14
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10:30	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á midi.is

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

FLAWLESS	kl. 5:40 - 8 - 10:20	
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
88 MINUTES	kl. 8 - 10:20	16
INDIANA JONES 4	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
BRÜGGUMINN	kl. 5:40 ISLENSKT TEXTI	7

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

THE INCREDIBLE HULK	kl. 8 - 10:15	12
ZOHAN	kl. 5:45 - 8	10
SEX AND THE CITY	kl. 10:15	14
INDIANA JONES 4	kl. 5:45	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á midi.is

Nýtt í bíó

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON Í HLUVERKI HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING

HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

ADAM SANDLER
ZOHAN

STJÓRNUNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTAJALDI

SEX AND THE CITY

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON Í HLUVERKI HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING

FRÁBÆR SPENNUMYND!

INDIANA JONES 4

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG
THE HAPPENING

Bubbi er mestur poppara

Safnkassinn 100 bestu lög lýðveldisins kemur út á fimm plötum á þjóðhátíðardaginn í næstu viku. Lagalistinn er unninn upp úr niðurstöðu sem fékkst þegar þrjátíu tónlistarspekingar völdu þrjátíu lög hver. Samtals voru um 400 lög nefnd í könnuninni. Eitt hundrað oftast nefndu lög in eru á plötunum en endanleg röð laganna kemur þó hvergi fram. Safnkassinn svarar því ekki spurningunni um það hvaða lag sé besta lag lýðveldisins.

Niðurstaðan er áhugaverð og verður eflaust mjög umdeild. Bubbi Morthens er ótvíræður konungur íslensku poppsögunnar með heil tíu lög í kassanum. Fimm eru af sólóplötum hans, tvö með Egó, hin með Das Kapital, GCD og Utangarðsmönnum. Björgvin Halldórssón er næstmesti snillingur lýðveldissögunnar, á sex lög í kassanum. Tónlistarspekingarnir hafa taugar til Hauks Morthens og Vilhjálms Vilhjálmssonar; Haukur á fimm lög, þar af eitt með Erlu Þorsteinsdóttir, og Vilhjálmur á fjögur lög. Systir Vilhjálms, Ellý Vilhjálms, á líka fjög-



Á TÍU AF HUNDRÆÐ BESTU LÖGUNUM Bubbi er ekki kallaður kóngur fyrir ekki neitt.

ur lög á disknum. Tveir söngvarar eru með þrjú lög á mann í kassanum, Megas og Pálmi Gunnarsson.

Þá eru það hljómsveitirnar. Sálín hans Jóns míns er mesta sveit þjóðarinnar með fimm lög í kassanum. Stefán jafnar svo met Björgvins með sjötta lagiinu í kassanum, „Draumur um Nínu“, sem hann söng með Eyfa. Það er jafnframt eina Eurovision-lagið. Ný dönsk og Mannakorn koma næstar með fjögur lög hver sveit. Þá koma Hljómar, Todmobile og Studmenn með þrjú lög á hvert band. Með tvö lög í kassanum eru svo hljómsveitirnar Trúbrot, Jet Black Joe, Brunaliðið og Dátar.

Aldursdreifing laganna er nokkuð jöfn. Níundi áratugurinn

kemur sterkastur út. Tuttugu og níu lög eru frá þeim áratugi. Tuttugu og fimm lög eru frá þeim áttunda, átján frá tíunda, fimmtán frá þeim sjöunda og sex lög eru frá þeim sjötta. Elsta lagið á disknum er „Litla flugan“ með Sigfúsi Halldórssyni sem hann samdi árið 1952. Yngst er svo „Allt fyrir ástina“ frá því í fyrra, eina framlag Páls Óskars í kassanum.

Eflaust setur Sena, útgefandi kassans, hann ekki fram sem víndalega niðurstöðu. Til þess eru þeir sem ekki eru með of áberandi. Það sem helst stingur í augu er að í kassanum eru hvorki lög með Sigur Rós né lög af sólóplötum Bjarkar. gunnarh@frettabladid.is

TAX FREE DAGAR Í COAST

fimmtudag - sunnudags
Frábært úrval af fínni fatnaði

COAST

Smáralind



12

Komin í bíó

EDWARD
NORTON

LIV
TYLER

TIM
ROTH

AND WILLIAM
HURT

HULK THE INCREDIBLE

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON Í HLUTVERKI
HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS



> Lengstu bönn knattspyrnusögunnar

KSÍ hefur dæmt þjálfara og leikmann meistaraflokks ÍA í knattspyrnu kvenna í langt keppnisbann. Haraldur Sigfús Magnússon þjálfari hafði samband við Karítas Hafns Elvarsdóttur rétt fyrir leik ÍA gegn Haukum í 2. flokki þrátt fyrir að hún væri ekki gjaldgeng í leikinn þar sem hún er fædd árið 1988 og því orðin of gömul. Karítas spilaði leikinn og fékk fyrir vikið bann út tímabilið. Haraldur fékk bann út árið og ÍA fékk þrjátíu þúsund króna sekt. Banni Karítasar verður áfrýjað en Haraldur starfi áfram hjá ÍA.



sport
sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON LÆTUR FINNA FYRIR SÉR: FIMMTI LEIKUR LOKAÚRSLITA ÍTALSKA KÖRFUBOLTANS Í KVÖLD

Pegar tekið er aðeins á þeim fara þeir að væla

Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma fá í kvöld tækifæri til þess að gera lokaúrslitin um ítalska meistarattitlinn að seríu að nýju. Lottomatica vann síðasta leik örugglega á heimavelli sínum en er áfram í þeirri stöðu að tap þýðir að Montepaschi Siena er orðið ítalskur meistari annað árið í röð.

Jón Arnór segir Palasport Mens Sana-höllina í Siena þar sem leikurinn fari fram í kvöld vera sterkan heimavöll sem sést ekki síst á því að liðið er búið að vinna alla 23 heimaleiki sína í deild og úrslitakeppni í vetur.

„Þetta er minna hús en hjá okkur en stúkan er miklu nær gólfinu og hún er mun brattari. Maður er miklu nær áhorfundunum og finnur því meira fyrir þeim og þeir geta grýtt í mann ef þeir vilja. Andrúmsloftið þarna er ósælega magnþrungnið. Það er því lík spenna og þeir eru með súper-áhorfendur sem fylgja þeim fram í rauðan dauðann,“ segir Jón Arnór en húsið tekur 6000 manns í sæti eða um helming þess fjölda sem Palalottomatica, heimavöllur Lottomatica tekur.



Jón Arnór er farinn að hitta betur í síðustu leikjum og er því farinn að leggja meira til sóknarleiksins í viðbót við það sem hann gerir fyrir varnarleik og liðsheild Lottomatica. Það er þó mest gaman að sjá hann í vörninni. Jón Arnór er nefnilega ekki að gefa neitt ókeypis inn á vellinum og hann stendur oft í mikilli baráttu við bakverði Siena. Einn þeirra sem Jón Arnór hefur alveg tekið út úr sínum leik er Mið-Afrikumaðurinn Romain Sato sem hefur aðeins skorað 17 stig og hitt úr 3 af 14 skotum sínum í síðustu tveimur leikjum. 10 af þessum stigum hafa komið af vitalínunni. Sato hefur kvartað mikið undan okkar manni sem gefur ekki mikið fyrir það.

„Hann er bara vælukjó. Þeir spila mjög fast sjálfir og eru skítugir en þegar er tekið aðeins á þeim þá fara þeir að væla. Við þurfum að taka á þeim áfram í næsta leik,“ segir Jón Arnór og bætti við.

„Núna er allt önnur staða komin upp og ef við stelum næsta leik þá er þetta orðin sería aftur,“ sagði Jón Arnór að lokum.



RONALDO Fagnar hér marki sínu í gær, sællegur á svip. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

A-riðill EM í gær:

Portúgal fyrst til að komast áfram

EM 2008 Portúgal er komið áfram í 8-liða úrslitin eftir 3-1 sigur á Tékkum. Deco opnaði markareikninginn með miklu harðfyllgi en Libor Sionko jafnaði með skalla. Ronaldo kom Portúgal yfir og hann lagði svo upp síðasta markið í uppbótartíma fyrir Ricardo Quaresma.

Sviss er úr leik eftir 2-1 tap gegn Tyrkjum. Hakan Yakin kom Sviss yfir en Semih Senturk jafnaði fyrir Tyrki. Arda Turan skoraði sigurmarkið í uppbótartíma. Tékkar og Tyrkir leika úrslitaleik um hvor þjóðin kemst áfram með Portúgal.

Í dag er leikið í B-riðli en þá mætast Þýskaland og Króatía og Austurríki og Pólland. - hph

Leit Chelsea loksins lokið: Scolari ráðinn

FÓTBOLTI Luis Felipe Scolari var í gær ráðinn knattspyrnustjóri Chelsea. Hann stýrir nú liði Portúgala á EM en mun taka við eftir mótið. Scolari er Brasilíumaður og stýrði heimaþjóð sinni til heimsmeistarattitils árið 2002. Chelsea verður fyrsta liðið í Evrópu sem hann stýrir. - hph

	1-0	
Fjölnir		Fylkir
Fjölnisvöllur, áhorf.: 750		
Órvar S. Gíslason (6)		

1-0 Tómas Leifsson (40).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8-11 (3-4)
Varin skot	Þórður 3 - Fjalal 1
Horn	8-6
Aukaspjrmur fengnar	21-12
Rangstöður	3-2

FJÖLNIR 4-3-3	FYLKIR 4-4-2
Þórður Ingason 7	Fjalal Þorgeirsson 7
Gunnar V. Gunnarsson 7	Þórir Hannesson 6
Óli Stefán Flóventss. 8	Guðni Rúnar Helgas. 6
Kristján Hauksson 7	Valur Fannar Gíslason 7
Eyþór Atli Einarsson 7	Kjartan Breiðdal 3
*Gunnar M. Guðm. 8	Halldór Hilmisson 6
Ólafur Páll Johnson 5	Ian Jeffs 6
(88. Ásgeir Aron Ásg.)	Ólafur Stígsson 5
Ágúst Gylfason 7	(86. Hermann Aðalg.)
Ólafur Páll Snorra 6	Peter Gravesen 6
(73. Pétur G. Markan.)	Allan Dyring 4
David Rúnarsson 7	(76. Kjartan Baldvins.)
(68. Andri V. Ívarss.)	Lóhann Þórhallsson 5
Tómas Leifsson 7	

*Maður leiksins

Sætur sigur Valsstúlkna

Íslandsmeistarar Vals tryggðu stöðu sína á toppi Landsbankadeildar kvenna eftir 2-1 sigur gegn KR í toppbaráttuslag á Vodafonevellingum í gær.

FÓTBOLTI Valur sigraði KR í toppslag Landsbankadeildar kvenna á Vodafonevellingum í gærkvöld.

Leikurinn fór fjórlega af stað og strax frá fyrstu mínútu var mikið um hörð návígi og tæklingar, enda mikið í húfi. KR-stúlkur byrjuðu betur og gerðu harða hrið að marki Valsstúlkna og á 11. mínútu náði Hólmfríður Magnúsdóttir að skora fyrir gestina. Hólmfríður fékk nægan tíma til þess að athafna sig rétt fyrir utan vítateig Vals og þakkaði pent fyrir sig með því að þruma boltanum upp í hægra markhornið, óverjandi fyrir Randi Wardum í marki Vals.

Markið virtist hafa slegið Valsstúlkur enn frekar út af laginu en Íslandsmeistarunum óx þó ásmegin þegar líða tók á fyrri hálfleik og eftir rúman hálf tíma leik gerðu Valsstúlkur tilkall til vítaspjrmu þegar boltinn virtist snerta hönd varnarmannsins Guðrúnar Sóleyjar Gunnarsdóttur innan vítateigs en dómari Frosti Viðar Gunnarsson ákvað að dæma ekki.

Sóknarþungi Valsstúlkna jókst svo enn meira í lok fyrri hálfleiks og eftir þunga sóknarlötu á 42. mínútu náði Margrét Lára Viðarsdóttir að jafna leikinn. María Björg Ágústsdóttir byrjaði á að verja vel frá Margrét Lára en eftir kraft í teignum barst boltinn aftur fyrir fætur Margrétar Lára sem brást ekki bogalístin og negldi honum í þaknetið.

Litlu munaði hins vegar að KR tæki forystu á nýjan leik á 45. mínútu.

Úrslit og markaskorarar í gær:

Valur-KR	2-1
0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (11.), 1-1 Margrét L. Viðarsdóttir (42.), 2-1 Dóra M. Lárusdóttir (85.)	
Sjórman-Breiðablik	2-1
1-0 Gunnildur Yrsa Jónsdóttir (47.), 2-0 Pamela Liddell (66.), 2-1 Greta Mjöll Samueldsdóttir (71.).	



BARÁTTA Leikur Vals og KR einkenndist af mikilli baráttu og hörku í gærkvöld.

útu þegar Edda Garðarsdóttir tók aukaspjrmu langt út á vinstri kantinum en boltinn virtist ætla að svífa í markið áður en Wardum rétt náði að verja í slá.

Það færðist enn meiri harka í leikinn í síðari hálfleik og greinilegt að bæði lið ætluðu að selja sig dýrt. Það var hins vegar ekki mikið um opin marktækifæri framman af seinni hálfleik. En það dró til tíðinda á 85. mínútu þegar Sif Atladóttir átti háa sendingu inn að vítateig KR og þar var Dóra María Lárusdóttir á auðum sjó og skallaði boltann laglega í markið.

KR fékk kjörið tækifæri til að jafna leikinn á lokamínútu leiksins þegar markadrottningin Olga Færseth komst ein inn fyrir vörn

Vals en Wardum sá við henni og lokatölur 2-1 fyrir Val.

Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var mjög ánægð í leikslök.

„Ég er bara í skýjunum með þetta. Leikurinn einkenndist af mikilli baráttu en ég held að við höfum samt verið sterkari í heildina lítið og viljinn var meiri hjá okkur,“ sagði Elisabet.

Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, gat ekki leynit vonbrigðum sínum.

„Eitt mark er ekki nóg í fótbolta og ég hefði viljað fá annað mark hjá okkur í stöðunni 0-1 en það féll ekki með okkur í dag. Það þarf bara að nýta öll sín færni í svona toppslag en það gekk ekki upp hjá okkur og það er grátlegt,“ sagði Helena.

omar@frettabladid.is



GUÐJÓN Heyrði síðast í Hearts í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðjón Þórðarson:

Stressar sig ekki yfir Hearts

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, er ekki að stressa sig yfir stjórnarstarfinu hjá Hearts. Skoska úrvalsdeildarfélagið er í leit að nýjum stjóra og heyrði Guðjón síðast frá félaginu á miðvikudag í gegnum Ólaf Garðarsson umboðsmann. Hann vildi ekki segja nákvæmlega um hvað var rætt. „Það verður að koma í ljós hvað gerist. Það þurfa að vera ákveðnar faglegar forsendur til staðar til að ég hafi áhuga á starfinu,“ sagði Guðjón. Hann sagði einnig að ótímabært væri að ræða við ÍA um hvort hann gæti farið frá félaginu til að taka við Hearts ef það kæmi upp.

Vladimir Weiss, stjóri Artmed-ia Bratislava, sagði við BBC í gær að hann væri á leið í viðræður við félagið en hann og Guðjón eru efstir á óskalista félagsins. - hph

Mare Nostrum mótariðin:

Árni Már á ÓL?

SUND Árni Már Árnason, sundmaður úr ÍRB, náði B-lágmarki í 50 metra skriðsundi í gær. Hann synti á 23,13 sekúndum á móti í Barcelona en er þó ekki öruggur með þátttöku á Ólympíuleikunum í Peking. Aðeins einn keppandi frá hverri þjóð má fara þangað í gegnum B-lágmark. Örn Arnarson er þegar búinn að synda undir B-lágmarki í sömu grein og er með betri tíma en Árni. - óþ

Vel skipulagðir Fjölnismenn unnu kærkominn sigur á Fylkismönnum í Grafarvoginum í gær:

Fjölnismenn komnir aftur á sigurbraut

FÓTBOLTI Fjölnir úr Grafarvogi vann í gær Fylki úr Árbænum, 1-0, með marki Tómasar Leifssonar í lok fyrri hálfleiks. Sigurinn var nokkuð sanngjarn þó svo að markið hafi ef til vill komið örliði gegn gangi leiksins.

Ásmundur Arnarsson gerði fjórar breytingar á liði sínu og þær borguðu sig þar sem markaskorari, Tómas, var einn þeirra sem kom inn í byrjunarliðið. Hann átti bylmingsskot að marki sem Fjalal Þorgeirsson, markvörður Fylkis, réði ekkert við.

Fram að því voru Fylkismenn búnir að vera sterkari aðilinn í leiknum. Þeir voru meira með boltann og sköpuðu sér hættulegar sóknir, þó svo að Fjölnismenn hafi átt nokkrar góðar skyndisóknir áður en markið kom.

Varnarleikur Fjölnis var hins vegar vel skipulagður og áttu gestirnir úr Árbænum í miklum vandræðum með að finna sér leið í gegnum vörn heimamanna.



KÁRI FAGNAR SIGURMARKINU Tómas og félagar hans fagna með stuðningsmönnum Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fjölnismenn mættu mun sprækari til leiks í síðari hálfleik og áttu nokkur góð færni. Ólafur Páll

Snorrason átti bestu marktíraun síðari hálfleiks er hann skaut í slá úr aukaspjrmu. Þá átti varamaðurinn Andri Valur Ívarsson skot í stöng en boltinn fór reyndar af varnarmanni Fylkis.

Heimamönnum gekk mun verr að halda boltanum í síðari hálfleik og sem fyrr var vörn heimamanna afar föst fyrir. Fylkismenn reyndu hvað þeir gátu undir lokin að skapa sér færni en án árangurs. Varamaðurinn Kjartan Andri Baldvinsson komst næst því að jafna er hann skallaði í stöng eftir aukaspjrmu Peter Gravesen.

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, fékk að líta rauða spjaldið í leiknum. Hann mótmælti mjög dómgæslunni í leiknum og fékk gult fyrir. Hann var enn ósattari við það og lét Gunnar Gylfason, aðstoðardómara, heyra það. Fyrir það fékk hann svo rautt.

„Við fengum miklu betri færni en þeir og hefðum getað gert út um leikinn undir lokin,“ sagði Gunnar

Már Guðmundsson, leikmaður Fjölnis. „Við erum vissulega heppnir í blálokin þegar þeir skalla í slá en mér fannst þetta sanngjarn sigur.“

„Mér fannst við yfirspila lið Fjölnis á löngum köflum og ekki oft sem við fórum svona pláss til að spila okkar leik,“ sagði Leifur eftir leik. „En það skiladi engu og er það aðalvandamálið.“

Hann vildi lítið tjá sig um dómgæsluna en sagði þó að hann væri ósáttur við að fá aðra meðferð en þeir sem sátu á varamannabekk Fjölnis. „Ég er orðinn verulega þreyttur á öllu því sem tengist dómaramálum, því miður. Ég sat á rassinum í 45 mínútur og sagði ekki orð. Á meðan voru menn hoppandi og skoppandi í hliðarskýlinu mér við hlið. Það er ekki í fyrsta sinn í sumar sem það gerist að um leið og ég stend upp fæ ég athugasemd. Þetta er greinilega bara eitthvað sem ég verð að leiða hjá mér.“ - esá

Europpris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ
fyrir
LITIÐ



Grillkoll, 2 kg
249

LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN



7990

SUNDLAUG

• 366x76 cm, 5377 ltr



29.990

GASGRILL

• 3 brennarar + hliðarhella
• Yfirbreiðsla, kr 4290



890

VIÐARVÖRN - 3 LTR

• Pensill
120x35 mm, kr 299



1990

KÚLUGRILL

• H: 44 cm
• Grillkoll, 2 kg, kr 299
• Uppkveikilögur, 1 ltr, kr 459



990

GARÐSTÓLL


• Álgrind
• Blár, grænn og hvítur



35.990

REIÐHJÓL - RACER

• Álgrind
• Shimano A 050 gírar
• Dekk: Kenda 700C X 23C



7990

12" REIÐHJÓL

• Fyrir 2-4 ára krakka
• Einnig til í bleiku fyrir stelpur



25.990

DÖMUREIÐHJÓL

• 3 gírar, City bike. Svart/hvitt
• Shimano gírar og bremsur



NÝ SENDING!

19.990

TRAMPÓLÍN 3,65 M

• Öryggisnet, kr 12.990
• Yfirbreiðsla, kr 2990
• Gormar, 10 í pk, kr 1990
• Stigi, kr 3290

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

www.euoppris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi

> Sean Connery

Connery varð heimsfrægur á sjöunda áratugnum þegar hann lék James Bond. Hann hefur margt verið nefndur kynþokkafyllsti maður jarðarinnar og þykja fáir hafa elst jafn vel. Þegar Connery var spurður hver galdurinn væri sagði hann einfaldlega: „Sumir eldast, aðrir þroskast.“ Connery leikur í myndinni The Rock sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** MISSIR EKKI AF LEIÐARLIÓSSPÆTTI NÚMER 16.000

Fyrirrennarar Friends á skjánum

Á síðustu misserum hef ég lítið dottið í sjónvarps-sófann, og þegar svo verður er það einna helst til að taka góðar skorpur í hinum ýmsu þáttaröðum. Friends kann ég til dæmis svo til utan að, þó að það sé kannski ekkert til að hreykja sér af á síðum blaðanna, Sex and the City stendur alltaf fyrir sínu og Grey's Anatomy ekki síður.

Mig hefur hins vegar verið farið að lengja eftir nýrri þáttaröð að sökkva mér niður í en komst að því um daginn að ég hef verið að leita langt yfir skammt. Það er af feykínögu að taka, sérstaklega ef mig fýsir að kynnast fyrirrennurum Friends og félag. Sjónvarpið heldur áfram að sýna þátt eftir þátt af Leiðarljósi, sem er drottning allra þáttaraða frá upphafi hvað lengd varðar. Samkvæmt netranssóknun mínun var fimmtán þúsund fjögur hundruð þritugasti og fyrsti þátturinn sýndur í febrúar síðastliðnum. Það er slatti. Stöð 2 lætur heldur engan bilbug á sér finna með Grannana sína blessuðu, þó að sú þáttaröð sé náttúru-



lega stutt í samburði við hina langlokuna – ekki komin upp í nema fimm þúsund fjögur hundruð og sjöttíu þætti. Þar er líka að finna „smáseríuna“ La Fea Más Bella, ekki nema þrjú hundruð þætti. Getur einhver minnt mig á hvað Pressan var eftir löng? Síðast en ekki síst ætlar Skjár einn svo að gleðja landsmenn með endursýningum á Dynasty, sem er líka hálfsnúðott – ekki nema 220 þætti.

Ég hef ekki gerst svo fræg að detta inn í eina einustu af þessum þáttaröðum hingað til, og vil því ekki afskrifa þær alveg áður en ég prófa. Mig ramar hins vegar óljóst í að hafa setið flötum beinum á stofugólfinu hjá ömmu minni fyrir mörgum, mörgum árum – bölsstast yfir Leiðarljósi og hughreyst sjálf mig með því að nú hlyti þáttaröðin að fara að klárast. Það veit ekki á gott. Ef eitthvað fer meira í taugarnar á mér en veruleikþættir eru það nefnilega þættir þar sem söguþráðurinn er svo mikið þunnildir að það skiptir ekki sköpum þó að þú missir eina viku úr áhorfinu.

EKKI MISSA AF



► **18.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** STÖÐ 2 EXTRA



► **19.30 The Simpsons** STÖÐ 2



► **20.35 The Office Lokabáttur** SKJÁREINN



► **20.45 Hvað um Brian? (What About Brian)** SJÓNVARPIÐ



► **00.50 Lakers-Boston NBA** meistaratitill STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

15.00 Gríman 2008 (e)

15.30 EM 2008 - Upphitun Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

16.00 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Króata og Þjóðverja á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

17.50 Táknálsfréttir

18.00 Fréttir

18.23 Veður

18.25 EM 2008 - Upphitun

18.45 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Austurríkismanna og Pólverja á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

► **20.45 Hvað um Brian? (What About Brian?)** (7:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleyfingurinn í hópnun en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.

21.30 Trúður (Klovn III) (8:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppstandarann Frank Hvam og líf hans.

22.00 Tíufréttir

22.35 EM 2008 - Samantekt

23.05 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syra af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar.

23.50 Draugasveitin (The Ghost Squad)(6:8) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. (e)

00.40 Dagskrárlök

BÍÓ

06.00 Blow Out

08.00 Matilda

10.00 Dear Frankie

12.00 Beauty Shop

14.00 Matilda

16.00 Dear Frankie

18.00 Beauty Shop

20.00 Blow Out

22.00 The Rock Landgönguliða tekur 81 ferðamann á eyjuni Alcatraz í gíslingu og hótar öllu illu ef ekki verður gengið að kröfum þeirra.

00.15 Prophecy II

02.00 Treed Murray

04.00 The Rock (e)

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Jólæzintýri Scooby Doo, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella

10.15 Homefront (3:18)

11.15 Wife Swap (7:10)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Wings of Love

13.55 Wings of Love

14.40 Amazing Race (12:13)

15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel (7:10)

15.55 Sabrina - Unglingsnornin

16.18 Tutenstein

16.43 Nornafélagið

17.08 Doddi litli og Eyrnastór

17.18 Þorlákur

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.54 Ísland í dag

► **19.30 The Simpsons** (21:22) Jack Bauer á 24 kemur Simpson-fjölskyldunni til bjargar þegar útrunin jógúrt breytist í meiriháttar fýlusprengru.

19.55 Friends (7:23)

20.20 The New Adventures of Old Christine (13:22)

20.45 Notes From the Underbelly

21.10 Bones (11:15) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum.

21.55 Moonlight (3:16) Mick St. John er ódauðlegur einkaspjari sem býr og starfar í Los Angeles.

22.40 ReGenesis (1:13) Þáttaröð um ógnvænlega framtíð þar sem mannkyndi er farið að leika hlutverk skaparans.

23.25 Fallen. The Journey

00.50 Lake Placid

02.15 Cold Case (18:18)

03.00 Saved (8:13)

03.45 Bones (11:15)

04.30 The Simpsons (21:22)

04.55 Fréttir og Ísland í dag

05.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SPORT

besta sætið

18.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar

Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

18.55 Inside the PGA Skyggst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

19.20 World's Strongest Man 1989

Jón Páll Sigmarsson átti titil að verja í keppninni um sterkasta mann heims árið 1989, eftir að hafa sigrað í þriðja sinn árið 1988. Englendingurinn Jamie Reeves stóð hins vegar uppi sem sigurvegari og átti síðar eftir að verða dómani í þessum keppnum. Jón Páll fékk bronsið og var það í eina skiptið sem hann hafnaði ekki í öðru af tveimur efstu sætum í keppninni.

20.20 Arnold Schwarzenegger mótið 2008 Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic sem haldið var í Flórídafylki. Í þessu móti er keppt í mörgum greinum aflrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötvar heims.

21.00 US Open 2008

Bein útsending frá fyrsta deginum á US Open en þangað eru mættir allir bestu og sterkustu kylfingar heims.

► **00.50 NBA 2007/2008** Bein útsending frá leik Lakers og Boston í úrslitarímmunni um NBA-meistaratitilinn.

SPORT 2

17.45 EM 4 4 2 Þróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

18.15 PL Classic Matches Arsenal - Chelsea, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

18.45 Bestu leikirnir Man. Utd. - Newcastle. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.

21.00 EM 4 4 2

21.30 Oliver Kahn Frábær heimildarmyndarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Í þessum þætti verður ferill hans skoðaður og hægt verður að kynnast Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.

23.00 Football Rivalries Boca Juniors v. River Plate. Í þessum þætti er fjallað um rígin milli Boca Juniors og River Plate innan vallar sem utan.

23.55 EM 4 4 2

00.25 1001 Goals

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

14.10 Vörutorg

15.10 The Real Housewives of Orange County (e)

16.00 How to Look Good Naked (e)

16.30 Girlfriends Gamanþáttur um vin-konur í blíðu og stríðu.

17.00 Rachael Ray Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál gefur góð ráð.

18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar.

19.20 Style Her Famous (e)

19.45 Style Her Famous (e)

20.10 Everybody Hates Chris (17:22) Bandarísk gamanseria þar sem Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris reynir að hjálpa fyrirverandi fanga að koma sér aftur á réttan kjól.

► **20.35 The Office - Lokabáttur** Michael, Jim og Karen fara öll í starfsviðtal í höfuðstöðvunum í New York þar sem þau sækjast öll eftir sama starfinu. Á sama tíma er Dwight að gera róttækar breytingar á skrifstofunni í Scranton.

21.00 Jekyll - Lokabáttur Sagan um doktor Jekyll og herra Hyde sett í nútímabúning. Claire og synirnir eru notuð sem beita til að fanga Hyde og sannleikurinn um uppruna Hyde og Claire kemur í ljós.

21.50 Law & Order. Criminal Intent

22.40 Jay Leno Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

23.30 Age of Love (e)

00.20 C.S.I.

01.00 Girlfriends (e)

01.25 Vörutorg

02.25 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Fimmtudagskvöldin eru upphalds tími þeirra sem njóta þess að röltu um í rólegheitum og versla í Kringlunni.

Kringlan

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Notes From the Underbelly

Frá framleiðendum Two and a Half Men og Barry Sonnenfeld, leikstjóra Pushing Daisies-þáttanna og bíómyndanna Get Shorty, Men in Black og Addams Family, kemur Notes from the Underbelly, gamanþáttaröð um spaugilegu hlíðarnar á barneignum. Brjóstagiöf er næsta vandamál Andrews og Lauren. Lauren er ekki alveg sannfærð um að það sé endilega nauðsynlegt að gefa barninu brjóstamjólk en Andrew er langt frá því að vera sammála henni. Hann fullyrðir að brjóstamjólkin sé ástæða þess að hann hefur náð árangri í lífinu.



▶ VIÐ MÆLUM MED

EM í fótbolta BEINT Sjónvarpið kl. 16.00 og 18.45

Fyrri leikur dagsins er Króatía-Þýskaland en sá seinni er Austurríki-Pólland. Þorsteinn J. stjórnað upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 22.35.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.13 Dragspilið dunar	19.00 Smásaga: Bréf konungsins, Barua a Soldani
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.27 Tónlistarkvöld Útvarpsins: Sir Willard White í spor Paul Robeson
12.00 Fréttayfirlit	22.12 Orð kvöldsins
12.02 Hádegisútvarp	22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
12.20 Hádegisfréttir	22.45 „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm“
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	23.30 Betri stofan
13.00 Vitt og breitt	00.07 Næturtonar
14.03 Tónleikur	
15.03 Útvarpsagan: Sérherbergi	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 **Hollyoaks** Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 **Hollyoaks**

17.00 **Seinfeld** (12:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

17.30 **Talk Show With Spike Feresten** (14:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þau taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftast en ekki ansi langt úti.

▶ 18.00 **Pussycat Dolls Present: Girlcious** (2:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl um allan heim. Nú á að stofna sýstrahljómsveit Pussycat Dolls og hún mun heita Girlcious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsgöðu gullfállegum stúlkum. Fimmtán stúlkur munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður mikið um harða keppni, slúður, primadonnustæla og önnur eins skemmtilegheit.

19.00 **Hollyoaks**

20.00 **Seinfeld** (12:22)

20.30 **Talk Show With Spike Feresten**

21.00 **Pussycat Dolls Present: Girlcious**

22.00 **Grey's Anatomy** (16:17) Fjórða sería þessa vinsæla dramabáttar. Ungu læknanemamir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum.

23.25 **Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

INN

20.00 **Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, skoða pólitískt landslag liðandi stundar.

21.00 **Skoðanaskipti** Umsjón: Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi. Hún veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gestum sínum.

21.30 **Í nærveru sálar** Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Penge 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.35 Blomsterkvarteret 11.50 Forandring på vej 12.20 Det er mængden der gør det 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 En lille reminder: Nye II 14.05 Last Exile 14.30 Bernard 14.35 Lucky Luke 15.00 Væddemålet 15.30 Fandango - Mellemøsten 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Når elefantpasserne møder deres overmænd 18.00 Hammerslag 18.30 Når storken svigter - fem år efter 19.00 TV Avisen 19.25 Ærlig talt 19.50 SportNyt 20.00 Big Momma's House 21.30 Antiglobetrotter 22.00 Naruto Uncut 22.25 Konverteret kærlighed

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Migrapolis 10.40 Pappa Parkinson 11.35 Allo Allo 12.10 Landsbylegane 13.00 Skipsreder på høye hæler 13.30 Venner 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Samisk kulturmagasin 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bjørnen i det blå huset 16.25 Dykk Olli, dykk! 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrödingers katt 18.25 Faktor 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Höök 20.30 Norsk humor 21.00 Kveldsnytt 21.20 Snakk til henne 23.05 Som turist i Tanzania 23.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Flyttlasset går 10.35 Fantastiska berättelser 12.40 Big Love 13.30 Baronessan 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Packat & klart sommar 15.30 Sommartorpet 16.00 Bolibompa 16.30 Hej hej sommar 16.31 Lillas smågodis 16.50 Det femte väderstreck 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Niklas mat 18.30 Mitt i naturen 19.00 Brottet 20.00 Wallenbergs 21.00 Rapport 21.10 Kulturnyheterna 21.25 Uppdrag Granskning 22.25 Arve Tellefsen, virtuos och glädjespridare 23.15 Sändningar från SVT24

NÁSA
LAUGARD. 14. JÚNÍ
NÝDÖNSK
Á LEIK

HÚSIÐ OPNAR KL. 23
MIÐAVERÐ KR. 1900
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

MORGUNMATURINN



„Yfirleitt er það Cheerios, músli eða kornfleks með léttmjólk og stundum banana og svo kaffi. Ef það er ekkert til og kalt úti geri ég stundum hafragraut.“

Halldór Gylfason leikari

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. bauti, 6. kusk, 8. mjöl, 9. bókstafur, 11. leita að, 12. slagorð, 14. urga, 16. pípa, 17. ennpá, 18. kvabb, 20. tveir eins, 21. nabbi.

LÓÐRÉTT 1. munnvatn, 3. umhverfis, 4. gróðrahyggi, 5. gapa, 7. ljótur, 10. framkoma, 13. gerast, 15. sál, 16. espa, 19. tveir eins.

LAUSN

enda, 16. æsa, 19. dö. LÓÐRÉTT: 1. sléf, 3. um, 4. fegirn, 5. flá, 7. óttur, 10. fás, 13. ské, 15. enn, 18. súð, 20. dd, 21. arða.

LÁRÉTT: 2. búrf, 6. íó, 8. mál, 9. eíf, 11. gá, 12. frast, 14. ískra, 16. æð, 17. eíf.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

- 1 Ásgeir Þór Davíðsson veitingamaður.
- 2 Fjórir naglar.
- 3 Drekasvæðið.

Loksins alvöru Vespa á Íslandi!

Ný sending komin!

www.vespur.is
Saltfélaginu, Grandagarði 2



Ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallery fiskur

Verzlun: Opíð mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

Krefjast upplýsinga um kvartanir

„Er í lagi að trufla einn? Gerir það málið betra ef tuttugu eru truflaðir? Ég átta mig ekki alveg á þessu,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Þeim á Ölstofunni, ásamt eigendum Vegamóta við Vegamótastíg, hefur verið gert af borgaryfirvöldum að stytta opnunartíma sinn um helgar. Samkvæmt bréfi á að koma til lokunar klukkan þrjú um helgar 20. þessa mánaðar. Til þess kemur ekki að sögn Kormáks Geirharðssonar, verts á Ölstofunni, en lögmáður hans, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hefur krafist upplýsinga úr dagbókarfærslum lögreglu um hversu mörg símanúmer standa að baki kvartana um hávaða en það er á þeim forsendum sem Ölstofunni er gert að loka.

„Ég held því fram að þessar kvartanir til lögreglustjóra séu að mestu frá einu eða tveimur símanúmerum,“ segir Kormákur og telur það lyklatríði með tilliti til þess hvort

ein hver einn geti með kvörtunum stofnað lífsviðurværi tuga fólks í vöða. „Kærfrestur er okkar réttur. Og við höfum farið fram á að fá hann framlangdan til 15. júní á þeim forsendum að við þurfum að vinna úr þessum gögnum,“ segir Kormákur. Hann segir einsýnt að ákvörðun borgaryfirvalda byggist á skýrslu lögreglustjóra en vill ekki ganga svo langt að segja Stefán lögreglustjóra eiga í stríði við veitingastaðaeigendur. „En ég myndi segja að Stefán vinni að því að uppfylla þann draum sinn að veitingastöðum sé lokað milli eitt og tvö eins og hann hefur sagt.“

Varðandi viðhorf sín bendir Stefán Eiríksson á grein sem hann



skrifaði í Morgunblaðið fyrir um ári þar sem hann segir vert að skoða opnunartíma skemmtistaða með tilliti til öryggissjónarmiða. Og segist hafa tekið dýpra í árinna á fundum um þau mál.

Stefán bendir á að þetta mál sé

borgaryfirvalda en ekki lögreglu þó hún leggi til álit þegar svo ber undir.

„Það er ekkert leyndarmál hverjir eru að senda inn kvartanir og yfir hverju er verið að kvarta. Skárri væri það nú,“ segir Stefán Eiríksson. Hann segir gögn þar um fyrirliggjandi.

Stefán Eiríksson Segir ekkert leyndarmál hverjir kvörtuðu vegna Ölstofunnar og hvers vegna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökulið og leikarar kvikmyndarinnar The Goodheart í leikstjórn Dags Kára halda brátt til New York þar sem tökum á myndinni verður framhaldið. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu þá leika þeir Brian Cox og Paul Dano aðalhlutverkin en þeir hafa, ólíkt mörgum öðrum erlendum mektarmönnum, látið lítið fyrir sér fara á meðan dvöl þeirra hér á landi hefur staðið yfir. Hafa þeir að mestu notið lífsins í ró og næði milli langra vinnudaga.



Svanhildur

Hólm birti ansi skemmtilega innsýn í umræður á heimili sínu um knattspyrnuþátt Þorsteins J. Vilhjálmssonar á bloggi sínu. Þar ku eiginmaðurinn Logi Bergmann ekki



hafa verið ýkja ánægður með að Þorsteinn skyldi hafa fengið til sín konu til að greina leiki á EM. Honum snerist þó fljótleiga hugur þegar hann taldi sig greina þar Ásthildi Helgadóttur, fyrrverandi fyrirlíða íslenska landsliðsins. En Logi varð að gleypa allt ofan í sig aftur þegar loks kom í ljós að þetta var Gunnar Hilmarsson, eigandi GK.



SKÖLLÓTTA WELLA-LIÐIÐ Efri röð f.v.: Sigmundur Kristjánsson, Tómas Leifsson, Davíð Þór Viðarsson, Gunnlaugur Jónsson, Þórhallur Dan Jóhannsson og Ólafur Kristjánsson þjálfari. Neðri röð f.v.: Sigurbjörn Hreiðarsson, Peter Gravesen, Kristján Finnbogason, Arnar Gunnlaugsson, Bjarki Gunnlaugsson og Tryggvi Guðmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINAR HUGI

TRYGGVI GUÐMUNDSSON: GAMAN AÐ GERA GRÍN AÐ SJÁLFAUM MÉR

Sköllóttir fótboltamenn auglýsa Wella- hárvörur

„Við erum alltaf að minna á vörurnar okkar og nú langaði okkur að tengja okkur við fótboltann og gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Ásgeir Sveinsson, framkvæmdastjóri Halldórs Jónssonar ehf. sem er með umboð fyrir Wella. Blaðauglýsing er væntanleg frá fyrirtækinu og skartar hún sköllóttum knattspyrnumönnum í aðalhlutverki. „Ég hafði verið með hugmynd í kollinum í langan tíma og hafði samband við Sigmund Kristjánsson félaga minn og fékk hann til að smala saman nokkrum glæsilegustu knattspyrnumönnum landsins. Þeir eiga það sameiginlegt að vera ekki meðal okkar uppáhaldsviðskiptavina þegar kemur að hárvörum, enda ekki með neitt hár. Þessir snillingar

tóku hugmyndinni ótrúlega vel enda húmorinn í lagi.“

Tryggvi Guðmundsson er lykilmáður í liði sköllótttra knattspyrnumanna. Hann segist ekki hafa átt von á því þegar hár hans tók að þynnast að einn daginn myndi hann leika í auglýsingu fyrir hárvörur. „Nei, varla,“ segir Tryggvi. „En ég er nú gæddur þeim eiginleika að mér finnst gaman að gera grín að sjálfum mér.“ Honum lýst vel á liðið en viðurkennir að það mættu vera fleiri varnarmenn. „Já, þetta er alvöru lið og mjög góður hópur. Ég vildi fá Auðun Helgason í vörminna, en hann er enn í afneitun þannig að hann náði ekki inn,“ segir Tryggvi sem sjálfur gekk í gegnum skeið afneitunar. „Já hún er

leiðinleg þessi afneitun. Við höfum allir lent í þessu. Verið að greiða yfir og allt hvað eina.“ Nú er það draumur Tryggva að hin sköllótt harsing skori á ellefu menn með afró á knattspyrnuvellinginum og aldrei að vita nema draumurinn ræstist.

Það skýtur skökku við að einn í sköllótttra Wella-liðinu, Davíð Þór Viðarsson FH-ingur, er hvergi nærri orðinn sköllóttur. „Nei ég er ekki sköllóttur, það er alveg rétt. Hins vegar viðurkenni ég fúslega að sú gæti orðið raunin eftir 5-10 ár. Faðir minn býr til að mynda svo vel að vera sköllóttur. Þannig að það er bara gaman að taka forskot sæluna,“ segir Davíð Þór Viðarsson, knattspyrnumaður og hármódel.

sol@frettabladid.is

Búinn að semja um hlutverk

Gísli Örn Gardarsson hefur gengið frá samningum um hlutverk í myndinni Prince of Persia: The sands of time. Hlutverkið sem um ræðir er hlutverk Hassansins, sem heitir The Vizier í tölvuleiknum sem myndin er gerð eftir. Myndin er framleidd af Jerry Bruckheimer og skartar þeim Jake Gyllenhaal og Gemmu Arterton í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Mike Newell sem leikstýrði meðal annars Four weddings and a funeral og Harry Potter. Einnig fara með hlutverk í myndinni þeir Ben Kingsley og Alfred Molina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Gísli nú vera staddur í Madrid þar sem hann þjálfar sig í að sitja arabíska gæðinga. Þar er hann ásamt fjórum öðrum

leikurum í myndinni. Þeirra á meðal er Bond-stúlkan Gemma Arterton. Gyllenhaal mun þó ekki vera mættur til Madrid en stefnt er að því að allir leikarar, leikstjóri og fleiri sem koma að myndinni hittist í Lundúnum á mánuðaginn og æfi saman. Myndin verður síðan tekin upp í Marokkó og eiga tök að hefjast í lok júlí.

Framleiðendur myndarinnar ætla sér augljóslega stóra hluti og hafa vaðið fyrir neðan sig þegar kemur að samningum. Þannig hafa þeir látið alla leikara myndarinnar skrifa undir samning upp á þrjár myndir vilji svo skemmtilega til að sú fyrsta slær í gegn. Aðeins er þó búið að skrifa handritið að fyrstu myndinni enda óvíst um hinar tvær. Ekki náðist í Gísli Örn í gærðag.



GÍSLI ÖRN Er byrjaður að æfa fyrir hlutverk sitt í myndinni Prince of Persia: The sands of time.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LAGERSALA 25-80%

afsláttur af völdum vörum

Tungusófi, leður 300x200 sm. kr. 245.000
verð nú 199.800
(afsl. 45.200)

Borð, hvítt/gler 131x70x26 sm.
Ekki á tilboði **verð kr. 49.800**



Tungusófi, leður.
Mod: Kakan 568



3+1+1, tauáklæði.
Mod: Furton 7302

Hlýlegt og rómantíkt - tilvalið í sumarbústaðinn!

3ja sæta, 240x110 sm. kr. 159.800
verð nú 99.800
(afsl. 60.000)

Stóll 85x85 sm. kr. 49.800
verð nú 29.800
(afsl. 20.000)

Borð, hnota 100x100 sm. Ekki á tilboði
verð kr. 90.700

Borð, kirsuberjaviður 100x160 + 2x 60 sm.
kr. 149.800 **verð nú 74.900** (afsl. 74.900)

Skenkur, kirsuberjaviður 131x41x85 sm.
kr. 94.500 **verð nú 47.250** (afsl. 47.250)

Stóll, leður án arma kr. 42.800 **verð nú 21.400** (afsl. 21.400)
Stóll, leður m. örmum kr. 54.800 **verð nú 27.400** (afsl. 27.400)



Fleiri gerðir af borðum og skenkum á tilboði!

Mod: Calligaris 580



3+1+1 leður.
Mod: Kakan 3053

Leðursófasett 3+1+1 kr. 237.800 **verð nú 159.800**
(afsl. 78.000) / Sófi: 196x80 sm. Stóll: 80x80 sm.

Sófaborð, gler 90x90 kr. 68.800 **verð nú 27.520**
(afsl. 41.280)

Bjóðum upp á vaxtalaust lán til allt að 12 mánaða.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

heima **HEIMA**
Öndregi **HÚSIÐ**

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

MEST LESIÐ:

Handtekinn Hollendingur þekktur smyglari

Lalli Johns handtekinn í Hveragerði

Eimskip afskrifar nærri níu milljarða

Svarthöfði er félagsmaður í Vantrú



BAKPANKAR
Dr. Gunna

Að móðgast fyrir hönd annarra


Það var vandræðagangur á blaðinu þegar frétt um hommana á Hæðinni átti að birtast daginn eftir. Fyrirsögnin var Hommarnir á Hæðinni reknir úr vinnu, en hinir gagnkynhneigðu blaðamenn voru tvístigandi yfir þessu. Var fyrirsögnin móðgandi? Úr varð að hringt var í Begga og Pacas og auðvitað var þetta ekkert – Við erum hommar, hvað er málið?

Í KJÖLFAR Suðurlandsskjálftans var hringt í formann Parkinsons-sjúklinga fyrir grínspurninguna á bls. 2 og hann spurður hvort hann hefði fundið skjálftann. Formaðurinn fann hann, enda ekki með sjúkdóminn, en auðvitað varð allt vitlaust. Í hrönnum móðgaðist fólk fyrir titrandi hönd Parkinsons-sjúklinga en formaðurinn var síður en svo neitt fúll. Honum fannst bara gott að verið væri að gera grín. Þá fannst honum eins og Parkinsons-sjúklingar væru hluti af samfélaginu.

AÐ MÓÐGAST auðveldlega er veikleikamerki. Móðgað fólk er hlægilegt. Sérstaklega verður þetta pinlegt þegar fólk móðgast fyrir hönd stórra hópa, eins og til dæmis helmings mannkynsins. Ég skil ekki hvernig er hægt að vera móðgaður fyrir hönd allra kvenna í heiminum út af því kannski að léttklætt módel hallar sér framan á bíl til að auglýsa hann. Hvað kemur það Guddu í Grafarvogi og Jenu í Jakarta við? Eru svona auglýsingar ekki bara hallærisheit sem „dæma sig sjálf“ og ber að gantast með frekar en að móðgast yfir?

FYRST komast hinar móðguðu sveitir vitleysinga á flug þegar taka skal upp hanskann fyrir ímynduðu ofurveruna á himnum. Þá fara hinir móðguðu í ham og hreinlega sturlast. Þeir telja sig í fullum rétti til að vera brjáláðir enda er verið að vanvirða það sem þeim er „heilagast“, ranghugmyndinni í huga þeirra. Þeir brjáláðuðu víla ekki fyrir sér að kveikja í eða drepa af því að þeir eru svo ægilega móðgaðir, og svo telja þeir sig studda af ofurverunni sem klappar ánægð uppi á skýi. Eins og hún sjálf gæti ekki gengið í málið væri hún til, verandi þetta almáttug og allt.


AÐ VERA móðgaður fyrir hönd annarra er misskilin góðmennska. Móðgunargirni er stór galli á húnorslausum og rétttrúnadarsveitum nútímanum. Sjálfur verð ég helst móðgaður þegar ég stend eins og bjáni við gangbraut og enginn stoppar fyrir mér. En það er nú bara af því mér leiðast fiðl sem kunna ekki umferðarreglurnar.



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 12. júní, 165. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.01	13.27 23.56
Akureyri	1.51	13.12 0.57

Heimild: Almanak Háskólans



Hafðu einkapjálfarann í vasanum

Sími sem heldur þér í forni

Nýi Samsung Adidas síminn fæst eingöngu hjá Vodafone. Hann er sérhannaður fyrir hlaupara og fólk sem vill ná árangri í ræktinni. Hann heldur þér við efnið með nákvæmum upplýsingum um hraða, brennslu og vegalengdir.

- Mp3 spilar
- Skrefamælir
- Púlsmælir
- Heilsubókhald á netinu



39.900 kr.
Lifðu núna

